# TEYMI

ÁRSSKÝRSLA 2007

## SKÝR VALKOSTUR FYRIR FJÁRFESTA

Teymi hf. er eignarhaldsfélag á sviði fjarskipta og upplýsingatækni sem er skráð á aðallista OMX Nordic Exchange á Íslandi. Innan samstæðunnar eru dótturfélögin Vodafone, Kögun, Skýrr, Eskill, Landsteinar Strengur, HugurAx og EJS auk P/F Kall í Færeyjum og SKO.

Teymi leggur áherslu á einfalda og skilvirka stjórnun allra fyrirtækja innan samstæðunnar, skjóta ákvarðanatöku og hagkvæma uppsetningu. Félagið vill vera skýr kostur fyrir fjárfesta, það vill hámarka rekstrarárangur hvers fyrirtækis fyrir sig, auka sérhæfingu þeirra og skapa nýja tekjumöguleika. Lítil yfirbygging, aðhald í rekstri og aukin skilvirkni er okkar markmið.

TEKJUR Á ÁRINU **21.548.000.000** INNRI VÖXTUR **15,4%** EBITDA **4.009.000.000** HAGNAÐUR EFTIR SKATTA **1.354.000.000** VELTUFJÁRHLUTFALL **1,25** EIGINFJÁRHLUTFALL **22,1%** HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI **3.258.000.000** HANDBÆRT FÉ Í LOK TÍMABILS **3.516.000.00** AUKIÐ HLUTAFÉ Á ÁRINU **3.770.000.000**

# EFNISYFIRLIT


| | |
|---|---|
| SAMANTEKT STJÓRNARFORMANNS | 06 |
| SAMANTEKT FORSTJÓRA | 07 |
| FJARSKIPTAFÉLÖG | 08 |
| UPPLÝSINGATÆKNIFÉLÖG | 18 |
| UM TEYMI | 32 |
| STJÓRN TEYMIS | 33 |
| STJÓRNARHÆTTIR | 34 |
| LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI | 36 |
| ÁRSREIKNINGUR | 39 |
| KEY FIGURES | 75 |

# MIKIL SÓKNARFÆRI FRAMUNDAN

## ÞÓRDÍS J. SIGURÐARDÓTTIR
### STJÓRNARFORMAÐUR



Á stuttum tíma hefur Teymi hf. fest sig rækilega í sessi sem ábyrgt og öflugt félag. Mörg fyrirtæki innan samstæðunnar eiga djúpar rætur í samfélaginu og njóta góðs af sterkri stöðu á markaði. Bestu meðmæli Teymis fyrirtækjanna felast hins vegar í því mikla trausti sem viðskiptavinirnir bera til þeirra. Íslensku bankarnir, skattayfirvöld, bandaríski herinn, sveitarfélögin, stærstu þjónustu- og iðnfyrirtæki landsins o.fl. fela þeim að vista og vinna úr viðkvæmum gögnum og tryggja þjónustu sem hverju fyrirtæki er brýn nauðsyn. Mikil verðmæti felast í þeirri staðreynd og í vörumerkjum fyrirtækjanna, sem hafa sterka stöðu hvert á sínu sviði og góða ímynd. Stjórnenda Teymis hf. bíður hins vegar það verkefni á komandi misserum, að upplýsa og fræða markaðsaðila enn betur en hingað til um styrk félagsins og sýna hve stoðirnar undir félaginu eru traustar.

Viðbúið er, að stór og smá fyrirtæki á Íslandi muni hagræða eftir megni á árinu vegna þeirrar óvissu sem einkennt hefur atvinnulífið að undanförnu. Kostir úthýsingar á verkefnum á sviði upplýsingatækni (UT) eru ótvíræðir og víst er, að margvísleg sóknarfæri felast í aðstæðunum fyrir dótturfélög Teymis. UT félögin innan samstæðunnar búa yfir reynslu og yfirgripsmikilli þekkingu sem er líkleg til að skapa þeim aukin verkefni og auknar tekjur á árinu. Enn reka mörg fyrirtæki sínar eigin UT deildir og því eru mikil vaxtartækifæri fólgin í samstarfi við slíka aðila, kjósi þeir að leita betri og hagkvæmari leiða í sínum rekstri.

Líkt og öll stærri fyrirtæki landsins hefur Teymi fjármagnað sig að miklu leyti í erlendum gjaldmiðlum og hefur félagið tryggt hagstæða fjármögnun út árið 2009. Skuldsetning í erlendum gjaldmiðlum er eini raunhæfi möguleikinn fyrir flest íslensk fyrirtæki til þess að geta staðið undir afborgunum og vaxtagreiðslum af fjármögnun sökum hás vaxtastigs á Íslandi. Sterkt sjóðstreymi lágmarkar hins vegar rekstraráhættuna sem felst í því að tekjur og skuldir séu í sitt hvorum gjaldmiðlinum. Engu að síður er tímabært að atvinnulífið og stjórnvöld móti skýra stefnu í myntmálum og kalli með formlegum hætti eftir breytingum sem bæta rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja.

Árangur Teymis á liðnu ári var mjög góður og gefur góð fyrirheit fyrir framtíðina. Auk góðs reksturs Teymis fyrirtækjanna urðu talsverðar breytingar á félaginu á árinu; fyrirtæki voru seld, fyrirtæki voru keypt og fyrirtæki voru sameinuð. Skuldir og fjármagnskostnaður var markvisst lækkaður og áhugi fjárfesta á hlutum í félaginu var helmingi meiri en framboðið í hlutafjárútboði sem efnt var til í mars. Allt hefur þannig haldist í hendur; rekstrarlegur árangur einstakra fyrirtækja innan samstæðunnar, markviss stjórnun félagsins og tiltrú fjárfesta. Kennitölur í ársreikningum sýna glögglega hve innviðir Teymis eru sterkir og hve miklu hefur verið áorkað á þeim stutta tíma sem liðinn er frá stofnun félagsins. Fyrir hönd stjórnar Teymis hf. færi ég starfsfólki félagsins og dótturfélaga bestu þakkir fyrir frábæran árangur í starfi.

*Þórdís J. Sigurðardóttir*

# GÓÐ AFKOMA
# Á FYRSTA REKSTRARÁRI

## ÁRNI PÉTUR JÓNSSON
### FORSTJÓRI



Mikill innri vöxtur og góð afkoma einkenndi rekstur Teymis árið 2007. Markmið félagsins á sínu fyrsta heila rekstrarári var að veita viðskiptavinum góða þjónustu, skila góðum rekstrarárangri og gera félagið að eftirsóknarverðum fjárfestingarkosti. Árangurinn varð umfram væntingar. Teymis fyrirtækin uxu hraðar en markaðirnir sem þau störfuðu á og verðmæti félagsins jókst umtalsvert á árinu, þrátt fyrir miklar hræringar á fjármálamarkaði seinni hluta ársins.

Teymis fyrirtækin voru í árslok 11 talsins og starfsmenn þeirra voru um 1250. Nokkrar breytingar urðu á félaginu á árinu, sem allar miðuðust að því að styrkja félagið, skýra áherslur í rekstrinum og straumlínulaga fyrirtækið. Þannig dró Teymi sig út af öryggismarkaðnum í upphafi árs með sölu á Securitas. Hlutur Teymis í eignarhaldsfélaginu Hands Holding var minnkaður verulega á árinu - úr tæpum 50% í 14,5% - og samhliða þeirri breytingu eignaðist Teymi tvö öflug fyrirtæki að fullu, HugAx og Landsteina Streng. Fyrirtækin falla vel að öðrum eignum Teymis og styrkja mjög samkeppnisstöðu félagsins í upplýsingatækninni, líkt og fyrirtækið Kerfislausnir sem Teymi keypti í lok árs. Teymi eignaðist einnig á árinu veflausnafyrirtækið Innn, sem var sameinað Eskli og úr varð öflugasta veflausnafyrirtæki landsins.

Um mitt ár varð Teymi hluti af úrvalsvísitölunni, samkvæmt ákvörðun kauphallarinnar OMX á Íslandi. Í þeirri ákvörðun fólst mikil viðurkenning á félaginu, enda eru aðeins öflugustu félögin á markaðnum í úrvalsvísitölunni hverju sinni. Gengi hlutabréfa í Teymi þróaðist hins vegar með öðrum hætti en vísitölunnar, því virði Teymis jókst á árinu en úrvalsvísitalan lækkaði. Neikvæð þróun hlutabréfamarkaðarins á seinni hluta ársins setti vissulega sterkan svip á rekstrarumhverfið en engu að síður sýndu öll fyrirtæki Teymis góðan innri vöxt og góða afkomu.

Öll fyrirtæki Teymis eru þekkt á sínu sviði og markaðsstaða þeirra er sterk. Fyrirtækin hafa á að skipa reyndum stjórnendum og hæfu starfsfólki. Starfsfólk Teymis fyrirtækjanna getur verið stolt af rekstrarárangri ársins 2007.

Mörg tækifæri bíða Teymis á nýju ári. Félagið ætlar sér að ná enn betri árangri og hefur markað sér afar spennandi og metnaðarfulla stefnu fyrir næstu ár. Undirliggjandi rekstur fyrirtækja Teymis er traustur, sjóðstreymi sterkt og fjárhagsleg staða félagsins góð. Teymi fylgist vel með öllum fjárfestingarkostum sem kunna að koma upp og falla að framtíðarmarkmiðum félagsins, enda er félagið vel í stakk búið til að nýta sér slík tækifæri.

*Árni Pétur Jónsson*



**Árni Pétur Jónsson**
Forstjóri

Fjöldi starfsmanna: 350

Vodafone
Skútuvogi 2, 104 Reykjavík
www.vodafone.is

VODAFONE

# STÆRSTA ÞJÓNUSTUSVÆÐIÐ

## FRUMKVÖÐULL SEM LEIÐIR SAMKEPPNI

Vodafone á Íslandi er fjarskiptafyrirtæki sem leggur áherslu á góða þjónustu við viðskiptavini sína. Starfsmenn Vodafone eru um 350 talsins og þjónusta viðskiptavini á heimilum og hjá fyrirtækjum um land allt með farsíma, síma, nettengingar og sjónvarp. GSM þjónusta Vodafone nær til 99% landsmanna og með samstarfi við Vodafone Group, eitt öflugasta fjarskiptafyrirtæki í heimi, er viðskiptavinum Vodafone tryggð örugg farsímaþjónusta um allan heim. Allt frá því ríkiseinokun á íslenskum fjarskiptamarkaði var aflétt hefur Vodafone leitt samkeppnina; fært fólki betri þjónustu, aukið vöruúrval og stuðlað að lægra verði. Vodafone hefur mjög sterka stöðu í GSM þjónustu á höfuðborgarsvæðinu og vinnur sífellt að því að efla þjónustu í bæjarfélögum víða um land, enda er markmiðið að gera Vodafone að stærsta fjarskiptafyrirtæki á Íslandi.



Mikil tekjuaukning og fjöldi stórra þjónustusamninga einkenndi árið hjá Vodafone. Uppbygging á nýju langdrægu GSM kerfi gerði þjónustusvæði Vodafone það stærsta á landinu og 3G þjónustu Vodafone var hleypt af stokkunum. Blað var brotið í íslenskri sjónvarpssögu á árinu þegar háskerpuútsendingar (HD) hófust á Íslandi á dreifikerfinu Digital Ísland, sem Vodafone á og rekur. Dreifikerfið er orðið það stærsta og öflugasta á Íslandi en miklar endurbætur voru gerðar á kerfinu á árinu, sendum var fjölgað og öðrum skipt út fyrir nýja og betri. Farsímakerfi Vodafone var uppfært, nýir GSM sendir leystu eldri senda af hólmi og gagnaflutningsgetan fjórfaldaðist.

Meðal nýrra viðskiptavina Vodafone á árinu voru Icelandair, Glitnir, Íbúðalánasjóður og ÍSÍ. Auk þess samdi Fjarskiptasjóður við Vodafone um að fyrirtækið tæki að sér uppbyggingu á GSM þjónustu á völdum svæðum á landinu, þar sem markaðslegar forsendur standa ekki undir rekstri slíkrar þjónustu. Vodafone tók við rekstri stærsta víðnets landsins fyrir Menntamálaráðuneytið, en um er að ræða tölvunet sem tengir saman alla framhaldsskóla landsins og símenntunarstöðvar um allt land. Þjónustusamningar við mörg af öflugustu fyrirtækjum og stofnunum landsins voru endurnýjaðir á árinu, m.a. Landsbankann og Reykjavíkurborg. Ítrekaðar mælingar sýndu fram á mikla ánægju viðskiptavina, stórra og smárra, með þjónustuna sem í senn reyndist viðurkenning til starfsmanna og hvatning til að gera enn betur

**80 MILLJÓN**
SMS SKEYTI VORU SEND
ÚR FARSÍMUM VIÐSKIPTAVINA
**VODAFONE**
Á ÁRINU 2007. ÞAÐ ERU UM
**9.000 SMS Á KLUKKUSTUND**
ALLT ÁRIÐ UM KRING.





**Bjarni Askham Bjarnason**
Framkvæmdastjóri

Fjöldi starfsmanna: 30

Kall
Óðinshædd 2, 100 Þórshöfn
www.kall.fo

KALL

# HELDUR ÁFRAM AÐ STÆKKA

## VAXANDI MARKAÐSHLUTDEILD

Kall er eina einkarekna fjarskiptafyrirtækið í Færeyjum og hefur leitt samkeppni á færeyska markaðnum. Fyrirtækið býður upp á farsíma-, heimasíma og netþjónustu og markaðshlutdeild félagsins fer vaxandi. Hún er mest í farsímaþjónustunni, eða um 30%, og staða félagsins er sterk með Vodafone á Íslandi sem tæknilegan bakhjarl. Kall leggur ríka áherslu á stöðugar framfarir, nýjungar í þjónustu og frumkvæði starfsmanna sinna. Um 30 manns vinna hjá Kalli.



Samhliða mikilli efnahagsuppsveiflu í Færeyjum hefur Kall vaxið og dafnað. Viðskiptavinum Kalls fjölgaði umtalsvert á árinu 2007 og símnotkun hvers og eins jókst. Dreifikerfi Kalls var stækkað, rekstraröryggið var aukið enn frekar og gæði þjónustunnar. M.a. tók fyrirtækið í notkun þjónustuvef fyrir einstaklinga og fyrirtæki, þar sem viðskiptavinir gátu sjálfir annast umsýslu vegna viðskipta sinna og þeirrar þjónustu sem þeir nutu. Vinsældir margvíslegrar virðisaukandi þjónustu jukust á árinu, þ.m.t. sala á hringitónum og notkun myndadagbókar á netinu sem stendur öllum farsímanotendum Kalls til boða.

Kall eignaðist að fullu netfyrirtækið EITT á árinu, en fyrir átt Kall 50% hlut í félaginu. Með kaupunum styrkti Kall stöðu sína í netþjónustu í Færeyjum verulega, því auk hefðbundinna nettenginga getur Kall nú boðið þráðlausa netþjónustu (WIMAX) sem nær til 60% byggðra svæða í eyjunum.

SAMANLÖGÐ LENGD JARÐGANGA Í FÆREYJUM ER **41.828** METRAR. JARÐGÖNG GEGNA LYKILHLUTVERKI Í SAMGÖNGUM EYJANNA. **KALL** VAR FYRSTA FJARSKIPTAFYRIRTÆKIÐ **SEM BAUÐ GSM ÞJÓNUSTU Í GÖNGUNUM.**





**Ragnhildur Ágústsdóttir**
Framkvæmdastjóri

Fjöldi starfsmanna: 3

Sko
Krókhálsi 6, 110 Reykjavík
www.sko.is

SKO

# FJÖLGUN VIÐSKIPTAVINA

## LÍTIÐ FÉLAG SEM HUGSAR STÓRT

Ódýra símafélagið ehf. var stofnað 1. apríl 2006. Í fyrstu bauð félagið eingöngu upp á GSM þjónustu undir vörumerkinu SKO en tók síðar við rekstri netþjónustunnar BTnet. Í árslok 2007 voru GSM viðskiptavinirnir SKO um 5.500 talsins og um 3.000 nýttu sér netþjónustu félagsins. Hugmyndafræði SKO gengur út á að að vera lítil en hugsa stórt. Fjárfrekir útgjaldaliðir hafa verið skornir niður auk þess sem yfirbyggingin er lítil sem engin. Þannig tekst að bjóða lægra verð en aðrir á markaðnum, en félagið kaupir alla tækniþjónustu af Vodafone.

Rekstur Ódýra símafélagins ehf. (SKO) gekk ágætlega á árinu 2007. GSM viðskiptavinum fjölgaði umtalsvert á meðan fjöldi þeirra sem notuðu netþjónustu SKO stóð að mestu í stað. Árið fór vel af stað en um mitt ár dróst sala saman og brottfall viðskiptavina frá SKO til annarra fjarskiptafélaga jókst. Á haustmánuðum tókst að sporna við því og hefur viðskiptavinum fjölgað nokkuð ört síðan þá. Stefnt er að áframhaldandi fjölgun viðskiptavina SKO á þessu ári, einkum í farsímaþjónustu, þrátt fyrir aukna samkeppni á markaðnum.

SKO leitar sífellt leiða til að bjóða samkeppnishæfa vöru með sem minnstum tilkostnaði. Með það að leiðarljósi er endurskoðun á þjónustustigi og einfaldleika viðvarandi, til að skapa möguleika á verðlækkunum og hagræðingu í rekstri.

VEFSVÆÐI Á NETINU VORU

**155.583.825**

Í JANÚAR 2008.*

AÐ MEÐALTALI ERU UM

**50 SÍÐUR**

Á HVERJU VEFSVÆÐI
OG SAMANLAGÐUR FJÖLDI
SÍÐNA Á NETINU ER ÞVÍ

**7.779.191.250.**

SKO BÝÐUR AÐGANG AÐ NETINU.

*HEIMILD: NETCRAFT.COM





**Björn Víglundsson**
Framkvæmdastjóri

Fjöldi starfsmanna: 40

Mamma
Krókhálsi 6, 110 Reykjavík
www.mamma.is

# MAMMA
# FÓR HRINGINN Á ÁRINU

## JÁKVÆTT VIÐHORF, GÓÐ ÞJÓNUSTA OG MIKIL SALA



Mamma er sölu- og þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í þjónustu við heimili landsins varðandi allt sem snýr að fjarskiptum, sjónvarpi og öryggisþjónustu. Mamma býður viðskiptavinum sínum að minnka flækjustigið með því að kaupa alla fyrrgreinda þjónustu á einum stað og með því að vera viðskiptavinum innan handar þegar kemur að því að tengja allan tæknibúnað. Yfirbygging Mömmu er létt og einföld en áhersla er lögð á að helstu verðmæti fyrirtækisins búi í starfsfólkinu. Um 40 manns starfa að staðaldri hjá Mömmu en sá fjöldi getur tvö- til þrefaldast þegar vinna við stór verkefni stendur yfir.

Umsvif Mömmu voru mikil á síðasta ári. Söludeild Mömmu afgreiddi um 15.000 sölu- og þjónustubeiðnir til samstarfsfyrirtækja og tæknideildin afgreiddi 6.000 beiðnir á árinu. Mamma fór hringinn í kringum landið fyrri hluta ársins. Her karla og kvenna heimsótti þúsundir heimila á Vestfjörðum, Austfjörðum og Norðurlandi til að afhenda íbúum stafrænan myndlykil, en útsendingar Digital Íslands byrjuðu á þessum svæðum á árinu og íbúar gátu notið sjónvarpssendinga í stafrænum gæðum í fyrsta skipti.

Sumarið og haustið hjá Mömmu einkenndist af ljósleiðaravæðingu heimila á höfuðborgarsvæðinu. Söludeild Mömmu gekk í hús á Seltjarnarnesi og völdum hverfum í Reykjavík og bauð til sölu þjónustu frá Vodafone yfir ljósleiðara sem tæknideildin sá um að tengja. Sú söluaðferð Mömmu, að ganga hús úr húsi, hefur gefið mun betri árangur en hefðbundnar úthringiaðferðir og á stóran þátt í þeirri mikilli sölu ársins.

Inni á milli stórra verkefna sinnti Mamma þeim viðskiptavinum sem hringdu eða komu í afgreiðslu félagsins við Krókháls. Verkefnin voru margvísleg - allt frá uppsetningu á ADSL búnaði fyrir viðskiptavini Vodafone og tengingum á stafrænum myndlyklum fyrir viðskiptavini 365 til uppsetningar á tölvum fyrir viðskiptavini Opinna kerfa. Í janúar 2008 ákvað stjórn Teymis að rekstur Mömmu ehf. yrði sameinaður rekstri Vodafone.

SJÓNVARPSTÆKI ERU NOTUÐ Á
97% ÍSLENSKRA HEIMILA
OG TÖLVUR Á 9
**AF HVERJUM 10.***

MAMMA SÉR UM AÐ TENGJA
OG YFIRFARA TÆKNIBÚNAÐ Á HEIMILUM.

*HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS



# FJARSKIPTI

| | | | |
|---|---|---|---|
| FARSÍMI | VODAFONE | SKO | KALL |
| FASTLÍNA | VODAFONE | KALL | |
| GAGNA-FLUTNINGAR | VODAFONE | SKO | KALL |

# UPPLÝSINGATÆKNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| HÝSING OG REKSTUR | VODAFONE | SKÝRR | EJS |
| VEFLAUSNIR | ESKILL | HUGUR / AX | |
| VIÐSKIPTA-KERFI | SKÝRR | LANDSTEINAR STRENGUR | HUGUR / AX |
| RÁÐGJÖF | KÖGUN | SKÝRR | EJS |
| SAMÞÆTTING OG SÉRLAUSNIR | KÖGUN | SKÝRR | HUGUR / AX |
| BÚNAÐUR | VODAFONE | EJS | KERFISLAUSNIR |

# SÉRHÆFING
# SKILAR AUKNUM ÁRANGRI

Markmið Teymis er að bjóða atvinnulífinu alhliða þjónustu á sviði upplýsingatækni (UT). Alls eru 7 upplýsingatæknifyrirtæki innan Teymis, sem hvert um sig sérhæfir sig á ákveðnum sviðum UT-geirans. Vöruframboð og þjónusta fyrirtækjanna er ólík, viðskiptavinir þeirra eru ólíkir og saman mynda fyrirtækin sterka heild.

Við fyrstu sýn kann að virðast sem fyrirtæki Teymis séu í mikilli samkeppni innbyrðis. Staðsetning fyrirtækjanna á UT-markaðnum er hins vegar misjöfn (sjá mynd t.v.), auk þess sem mikill munur er á viðskiptavinum félaganna. Þannig hefur Skýrr sérhæft sig í hýsingar- og rekstrarþjónustu við opinbera aðila á meðan EJS þjónustar allflesta stærri aðila á verslunar- og smásölumarkaði. Kögun er þekkt innanlands og utan fyrir samþættingarverkefni og skýrt afmarkaðar sérlausnir á meðan Eskill þróar, selur og þjónustar eitt mest notaða vefumsjónarkerfi landsins svo dæmi séu nefnd. Fyrirtækin styðja því hvert annað með beinum og óbeinum hætti og sameiginlegt eignarhald skapar ótal tækifæri til sérhæfingar sem skilar viðskiptavinum enn betri þjónustu.

## FJÁRFEST Í FÓLKI

Tilvera upplýsingatæknifyrirtækja byggir öðru fremur á þekkingu starfsfólks, sem mikilvægt er að viðhalda og þróa. Uppbygging Teymis tryggir, að hvert UT-fyrirtæki innan samstæðunnar getur mótað og viðhaldið fyrirtækjamenningu sem gerir hvern vinnustað eftirsóknarverðan fyrir ákveðinn hóp fólks. Í stað þess að steypa öll fyrirtækin í sama mótið, geta Teymis fyrirtækin haldið sínum sérkennum og boðið áhugaverðan vettvang fyrir breiðan hóp metnaðarfullra sérfræðinga.

## SAMLEGÐAR- OG VAXTARTÆKIFÆRI

Þótt UT-fyrirtæki Teymis styrki ótvírætt hvert annað eru margvísleg samlegðartækifæri til staðar. Eitt af verkefnum Teymis á árinu 2008 er að skoða vandlega alla möguleika sem kunna að minnka skörun starfssviða og þjónustuframboðs, enda er það markmið Teymis að auka sérhæfingu fyrirtækjanna með hagræðingu fyrir heildina að leiðarljósi. Að sama skapi blasa við ýmis vaxtartækifæri, ekki síst vegna aukinnar áherslu atvinnulífsins á úthýsingu á UT-þjónustu. Á því sviði bjóða Teymis fyrirtækin margvíslega þjónustu og búa yfir mikilli reynslu.



**Bjarni Birgisson**
Framkvæmdastjóri

Fjöldi starfsmanna: 105

Kögun
Lynghálsi 9, 110 Reykjavík
www.kogun.is

KÖGUN

# MIKILL VÖXTUR Í ÞJÓNUSTU VIÐ BANKA

## SÉRFRÆÐIÞEKKING SEM SKAPAR SAMKEPPNISFORSKOT

Kögun sinnir ráðgjöf og hugbúnaðargerð á nánast öllum sviðum upplýsingatækni hér heima og erlendis. Fyrirtækið annast m.a. smíði, rekstur og ráðgjöf við ýmis rauntímakerfi - t.d. varnarkerfi, kerfiráða, stjórnkerfi í iðnaði, virkjunum og veitum – auk þess sem samþættingarverkefni eru fyrirferðarmikil í rekstrinum. Hönnun, smíði og útfærsla stórra hugbúnaðarkerfa fyrir fyrirtæki og stofnanir þar sem áhersla er lögð á hámarks rekstraröryggi hefur tryggt Kögun orðspor sem eitt fremsta fyrirtæki sinnar tegundar bæði innan lands og utan, auk þess sem Kögun býður ráðgjöf í verkefnastjórnun, gæðamálum, bestun verkferla í hugbúnaðargerð og öryggismálum. Starfsmenn Kögunar eru um 105 talsins og búa yfir sérþekkingu sem skapar fyrirtækinu einstaka stöðu í því alþjóðlega umhverfi sem það starfar í.



Rekstur Kögunar gekk vel á árinu og var umfram áætlanir á öllum sviðum. Í árslok 2006 var rekstur Verk- og kerfisfræðistofunnar hf. (VKS) sameinaður rekstri Kögunar og því var 2007 fyrsta rekstrarár sameinaðs félags. Við sameininguna náðist mikil samlegð í verkefnaöflun og nýtingu starfsfólks sem skilaði umtalsverðri hagræðingu. Kögun sinnti ýmsum verkefnum á sviði varnarkerfa á árinu, þrátt fyrir brotthvarf Varnarliðsins frá Keflavíkurflugvelli ári áður sem leiddi til samdráttar á því sviði. Í Grindavík annaðist Kögun í fyrsta sinn rekstur fjarskiptastöðvar bandaríska sjóhersins og endurnýjaði samning um rekstur stöðvarinnar fyrir árið 2008. Samningurinn er formlega endurnýjaður til eins árs í senn í tengslum við fjárlagagerð í Bandaríkjunum en 5 ára rammasamningur er grundvöllur endurnýjunar. Kögun vann einnig að þróun nýs loftvarnakerfis fyrir Bandaríkin og Kanada sem undirverktaki hjá fransk-bandaríska fyrirtækinu Thales-Raytheon Systems.

Mikil eftirspurn var eftir þjónustu á sviði samþættingar upplýsingakerfa og um 40 sérfræðingar Kögunar störfuðu á því sviði. Engin breyting á því er í sjónmáli og verkefnastaðan fyrir árið 2008 er góð. Þjónusta við banka og fjármálastofnanir jókst mikið á árinu 2007. Samþættingarverkefnum á því sviði fjölgaði mikið en einnig kom Kögun í auknum mæli að innleiðingu og aðlögun sértækra fjármálakerfa fyrir bankaviðskipti. Kögun gerði samstarfssamning við bandaríska fyrirtækið Calypso sem býður lausnir fyrir banka- og fjármálastofnanir sem sinna markaðsviðskiptum, eigna- og áhættustýringum o.fl. Nú þegar eru tveir stórir bankar hér á landi að innleiða umrædd kerfi og útlit er fyrir mikla aukningu á eftirspurn eftir þjónustunni á næstunni.

**VERÐMÆTI INNFLUTTRA VARA TIL ÍSLANDS NAM**

# 390,7 MILLJÖRÐUM

ÁRIÐ 2007 EN VERÐMÆTI

**ÚTFLUTTRA 302,8 MILLJÖRÐUM.***

KÖGUN SINNIR MARGVÍSLEGUM

**SAMÞÆTTINGARVERKEFNUM FYRIR STÆRSTU FLUTNINGAFYRIRTÆKI LANDSINS.**

*HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS





**Þórólfur Árnason**
Forstjóri

Fjöldi starfsmanna: 200

Skýrr
Ármúli 2, 108 Reykjavík
www.skyrr.is

SKÝRR

# BESTI ÁRANGUR FRÁ UPPHAFI

## HEILDARLAUSNIR Í HUGBÚNAÐI OG REKSTRARÞJÓNUSTU

Skýrr veitir atvinnulífinu samþættar heildarlausnir á sviði hugbúnaðar og rekstrarþjónustu undir kjörorðinu *Allt á einum stað*. Um 200 manns starfa hjá Skýrr og viðskiptavinir eru um 2.000. Umfang rekstrarins skiptist nokkuð jafnt milli einkaaðila og hins opinbera. Skýrr er sölu- og þjónustuaðili fyrir leiðandi fyrirtæki í upplýsingatækni. Þar má nefna fjárhags- og mannauðslausnir frá Microsoft og Oracle, öryggislausnir frá VeriSign og viðskiptagreindartól frá Business Objects. Skýrr veitir viðskiptavinum sólarhringsþjónustu fyrir allar helstu tegundir hugbúnaðar, vélbúnaðar og netkerfa. Aðrir þættir í rekstrarþjónustu Skýrr eru meðal annars kerfisleiga, afritun, hýsing, öryggislausnir, VoIP-símalausnir, Internetþjónusta, gagnaflutningar, launavinnsla, prentþjónusta og upplýsingavinnsla. Fyrirtækið er vottað samkvæmt alþjóðlega gæða- og öryggisstaðlinum ISO 9001.



Uppgangur í starfsemi og aðhald í rekstri einkenndi Skýrr á árinu 2007 og skilaði sér í besta rekstrarárangri fyrirtækisins frá upphafi. Stór verkefni í Oracle-lausnum gengu framar vonum og mikil sókn var á sviði Microsoft-lausna og fjölbreyttra verkefna í rekstrarþjónustu. Viðskiptavinum fjölgaði til muna í öryggislausnum og prentþjónustu auk þess sem hafist var handa við margföldun á hýsingarrými til framtíðar og tengdu rekstraröryggi. Vöruúrval Skýrr var samþætt á árinu og nýjar heildarlausnir kynntar undir yfirskriftinni *Allt á einum stað.* Verkefnastaða Skýrr í upphafi árs 2008 er góð og framtíðarhorfur fyrirtækisins bjartar.

Stórir viðskiptavinir á sviði Microsoft-lausna bættust við hópinn á árinu, til að mynda Mjólkursamsalan, Flugleiðahótel, Almenna verkfræðistofan, Enex, InPro og Lyfjastofnun. Hin víðfeðma starfsemi Skýrr á sviði Oracle-viðskiptalausna gekk afar vel og nýir samningar um langtímaþjónustu voru gerðir við helstu viðskiptavini. Mörg önnur stór hugbúnaðarverkefni hófust á árinu, til dæmis fyrir Ríkisskattstjóra, Tollstjóraembættið, Fjárvakur, Icelandair Group og ýmsar fjármálastofnanir. Einnig samdi Auðkenni fyrir hönd íslenskra banka við Skýrr um uppsetningu á útgáfustöð fyrir rafræn skilríki. Ýmsir nýir viðskiptavinir völdu heildarlausnir frá Skýrr á sviði rekstrarþjónustu og meðal þeirra voru Umhverfisstofnun, Póst- og fjarskiptastofnun, Húsakaup, Hanza, Ríkiskaup, Framkvæmdasýsla ríkisins og Alcoa Fjarðaál. Nýir viðskiptavinir í rekstrarþjónustu sem lýtur að breytilegri prentun voru til að mynda Glitnir fjármögnun, Sjóvá, Eimskip, Orkuveita Reykjavíkur og DHL.

NÆR **ALLIR** LANDSMENN
**SKILA SKATTFRAMTALI SÍNU Á NETINU.**
**SKÝRR** HÝSIR VEFLAUSNINA
SEM GERIR ÞAÐ KLEIFT OG ÞRÓAR HANA
**Í SAMSTARFI VIÐ RÍKISSKATTSTJÓRA.**





**Jón Viggó Gunnarsson**
Forstjóri

Fjöldi starfsmanna: 200

EJS
Grensásvegi 10, 108 Reykjavík
www.ejs.is

EJS

# TEKJUR MEIRI EN NOKKRU SINNI

## ÞAÐ ER TIL LAUSN Á ÖLLU

EJS er einn stærsti söluaðili landsins á tölvum, útstöðvum, miðlarabúnaði, afgreiðslutækjum og tilheyrandi þjónustu. Starfsmenn leggja allt kapp á að veita framúrskarandi þjónustu og líta svo á, að til sé lausn á öllum vandamálum. EJS býður viðskiptavinum eingöngu upp á bestu fáanlegu lausnir og búnað til þess að tryggja að rekstur upplýsingakerfa gangi snurðulaust fyrir sig. EJS hefur á undanförum árum fest sig í sessi sem eitt öflugasta upplýsingafyrirtæki landsins og markmið starfsmanna er að gera enn betur á árinu 2008.



Árið 2007 var ár uppbyggingar og vaxtar hjá EJS. Aldrei áður í tæplega 70 ára sögu fyrirtækisins hafa heildartekjur EJS verið meiri og sala á búnaði og þjónustu fór langt fram úr áætlunum. Staða EJS er því mjög sterk og mikil vinna starfsfólks hefur skilað fyrirtækinu í fremstu röð. Margir nýir þjónustusamningar voru gerðir og vörusala var mjög góð. Þannig var sala á Dell tölvum og skjáum meiri en nokkru sinni, fleiri Dell netþjónar voru seldir og sala á Cisco netbúnaði og APC vara-aflgjöfum fór fram úr björtustu vonum. Þá festi EJS sig í sessi sem eitt öflugasta prentlausnafyrirtæki landsins með hið geysisterka vörumerki Xerox í fararbroddi.

EJS hlaut fjölda viðurkenninga á árinu 2007 frá helstu birgjum sínum. Fyrirtækið var m.a. valið *Samstarfsaðili ársins á Íslandi* hjá Microsoft, hlaut viðurkenningu fyrir mesta sölu á Trend hugbúnaði á Norðurlöndunum og mesta sölu á Alcatel símkerfum á Íslandi. Á árinu 2007 hófst innleiðing á alþjóðlega upplýsingaöryggisstaðlinum ISO 27001 og á næstu misserum verður markvisst unnið að innleiðingu hans. Löng reynsla EJS af vinnu í gæðakerfi hefur skapað formfestu og aga í starfseminni en fyrirtækið hefur verið vottað samkvæmt gæðastjórnunarstaðlinum ISO 9001 frá árinu 1995. Á undanförum árum hefur EJS einbeitt sér að innri vexti. Á árinu 2007 var hins vegar hluti af starfsemi Skýrr á Akureyri sameinaður EJS og með kaupum Teymis á Kerfislausnum skapast miklir möguleikar á að ná góðri stöðu á afgreiðslu- og bankalausnamarkaði á Íslandi.




HVER ÍSLENDINGUR
LEITAR SÉR AÐSTOÐAR
Á SJÚKRAHÚSI EÐA HEILSUGÆSLU
AÐ MEÐALTALI UM
5 SINNUM Á ÁRI.*

EJS SÉR UM REKSTUR TÖLVUKERFA
FYRIR MARGAR AF STÆRSTU
HEILBRIGÐISSTOFNUNUM LANDSINS.

*HEIMILD: LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ



**Gunnar Ingimundarson**
Framkvæmdastjóri

Fjöldi starfsmanna: 135

HugurAx
Guðríðarstígur 2-4, 113 Reykjavík
www.hugurax.is

## HUGUR / AX

# KRAFTMIKIL OG FRAMSÆKIN VÖRUÞRÓUN

## SAMVINNA, FRUMKVÆÐI OG FAGLEG VINNUBRÖGÐ

HugurAx er nú eitt öflugasta hugbúnaðarfyrirtæki landsins. Rekstrinum má í grófum dráttum skipta í tvennt; annars vegar viðskipta- og stjórnendalausnir fyrir fyrirtæki og hins vegar hvers kyns sérlausnir sem einkum eru unnar fyrir stofnanir og stærri fyrirtæki. Hjá HugAx starfar um 135 manna hópur metnaðarfullra starfsmanna, sem hefur víðtæka þekkingu og reynslu á sviði upplýsingatækni. Viðskiptavinir HugarAx eru um 4.000 talsins og á meðal þeirra mörg af stærstu og öflugustu fyrirtækjum landsins. Fyrirtækið leggur áherslu á framúrskarandi þjónustu og leggur sitt að mörkum til að auka afköst og framleiðni til hagsbóta fyrir viðskiptavini.



Árið 2007 var fyrsta heila starfsár sameinaðs félags Hugar og Ax hugbúnaðarhúss, en félögin voru sameinuð um mitt ár 2006. Sameiningin hefur skilað miklum árangri, ekki síst vegna jákvæðs hugarfars þeirra sem komið hafa að verkefninu. Kraftmikil og framsækin vöruþróun einkenndi starfsemina á árinu 2007. Ný kynslóð eigin lausna fyrirtækisins varð að veruleika og m.a. voru nýjar útgáfur af Ópusallt og TOK viðskiptalausnum settar á markað. Mikil aukning varð í sölu eigin lausna HugarAx og mikil sóknarfæri eru framundan. Þá fjölgaði Dynamics AX viðskiptavinum fyrirtækisins verulega og í lok árs var HugurAx söluhæsti samstarfsaðili Microsoft viðskiptalausna hérlendis. Sala erlendis á sérlausnum HugarAx í vörustjórnun gekk vel auk þess sem Cognos stjórnendalausnirnar gengu mjög vel á árinu.

Sérlausnir HugarAx byggja á langtíma viðskiptasambandi við stóra viðskiptavini sem hafa fjölbreyttar og síbreytilegar þarfir. Þannig þróar fyrirtækið og viðheldur hugbúnaði í öllum hraðbönkum landsins, sér um sérhæfð orkukerfi hjá nokkrum af stærstu orkuveitum landsins og sinnir mjög viðamiklum verkefnum hjá fjármálafyrirtækjum svo nokkur dæmi séu nefnd. Mjög góður gangur var í þessum verkefnum á árinu 2007 þar sem þjónustan byggði á starfsfólki sem þekkir þarfir fyrirtækjanna vel og hefur byggt upp traust viðskiptasamband.




# 44 MILLJARÐAR

## VORU TEKNIR ÚT ÚR

**HRAÐBÖNKUM Á ÍSLANDI Í FYRRA.***

HUGUR / AX ÞRÓAR HUGBÚNAÐ

FYRIR HRAÐBANKANA.

*HEIMILD: SEÐLABANKI ÍSLANDS



**Sigurjón Pétursson**
Framkvæmdastjóri

Fjöldi starfsmanna: 50

Landsteinar - Strengur
Ármúla 7, 108 Reykjavík
www.ls.is

## LANDSTEINAR STRENGUR

# SAMSTARFSAÐILI ÁRSINS 2007

## SKILNINGUR Á STARFSEMI VIÐSKIPTAVINA

Landsteinar Strengur er forystufyrirtæki í upplýsingatækni sem byggir starfsemi sína á skörpum skilningi á starfsemi og rekstrarumhverfi fyrirtækja. Í krafti þeirrar þekkingar býður Landsteinar Strengur fyrirtækjum heildarlausnir á sviði fjármála, þjónustu, heildsölu, dreifingar og verslunar. Fyrirtækið býr yfir mikilli reynslu og á rætur að rekja allt til ársins 1982 þegar Strengur var stofnaður. Félagið leggur áherslu á ráðgjöf, hugbúnaðargerð og innleiðingu hugbúnaðar ásamt öflugri þjónustu og eru vörur fyrirtækisins í notkun hjá mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins. Starfsmenn Landsteina Strengs eru um 50 talsins.



Rekstur Landsteina Strengs gekk vel á árinu. Vöruframboð, þekking og gæði þjónustunnar hélt markvisst áfram að styrkjast og í upphafi ársins hlaut félagið ISO 9001 gæðastjórnunarvottun. Þjónustukannanir sýndu aukna ánægju viðskiptavina, starfsandi var góður og mikið var fjárfest í þekkingu og þjálfun starfsmanna. Á Microsoft World Partner Conference, sem er aðalráðstefna Microsoft samstarfsaðila, var félagið kosið *The EMEA Regional Partner of the Year*. Markaðsetning og sala gekk vel á árinu og er félagið stærsti Microsoft Dynamics Nav söluaðilinn á Íslandi. Nýir viðskiptavinir héldu áfram að bætast í hópinn, þeirra á meðal Mest, Hótel KEA, JK fjárfestingar, Friðrik V, Klæðning, The Pier, Poulsen, Toyota lyftarar, Íshlutir og Max. Ýmsir viðskiptavinir uppfærðu kerfin sín á árinu en hæst bar uppfærslu ÁTVR á verslunarkerfi sem m.a. tengir saman 40 útsölustaði fyrirtækisins. Af öðrum stórum uppfærslum má nefna Hagstofuna, Íslenska aðalverktaka og Nathan og Olsen. Nýjar vörur voru þróaðar og settar á markað, t.d. LS Retail AXAPTA, .NetPos og LS Easy Retail.

Á haustmánuðum varð breyting á rekstri og eignarhaldi félagsins. Vöruþróunardeildin sem hafði þróað og selt LS Retail um allan heim var skilin frá fyrirtækinu og stofnað var sérstakt félag utan um hana (LS Retail ehf.). Landsteinar Strengur mun í framtíðinni þjóna íslenska markaðnum auk þess sem félagið þjónar nú þegar stórum erlendum viðskiptamönnum. Markmiðið með breytingunum er að gera allar áherslur hnitmiðaðri og einfaldari. Samhliða þessum breytingum komst félagið alfarið í eigu Teymis.




HVER FJÖLSKYLDA
Á ÍSLANDI VER ÁRLEGA UM
**200.000 KR.**
Á VEITINGAHÚSUM.*

**LANDSTEINAR STRENGUR**

ÞRÓAR OG SMÍÐAR HUGBÚNAÐ
FYRIR VEITINGASTAÐI.

*HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS



**Sigrún Eva Ármansdóttir**
Framkvæmdastjóri

Fjöldi starfsmanna: 40

Eskill
Lynghálsi 9, 110 Reykjavík
www.eskill.is

ESKILL

# MIKLAR BREYTINGAR OG STERK STAÐA

## FRAMÚRSKARANDI HÖNNUN

Eskill er öflugasta hugbúnaðarfyrirtæki landsins á sviði veflausna. Fyrirtækið sérhæfir sig ráðgjöf, hönnun og smíði veflausna byggðum á Microsoft-tækni með áherslu á framúrskarandi hönnun og frábæra þjónustu. Eskill er leiðandi á sviði lausna sem byggja á Microsoft SharePoint 2007 og vefumsjónarkerfinu LiSA sem er eitt það útbreiddasta hér á landi. Starfsmenn eru ríflega 40 talsins.



Við stofnun Teymis árið 2006 var Eskill ehf. dótturfélag EJS. Í ársbyrjun 2007 færðist Eskill undir Kögun hf. og starfsstöð félagsins var færð úr húsnæði EJS á Grensásvegi að Lynghálsi í Reykjavík, þar sem Kögun er til húsa. Töluverð hagræðing varð af tilfærslunni, ekki síst í almennum rekstrarkostnaði og umsýslu sem nú er að hluta sameiginleg með Kögun. Þá skilaði breytingin báðum fyrirtækjunum auknum viðskiptum vegna skyldleika starfseminnar.

Í ágúst 2007 festi Teymi kaup á veflausnafyrirtækinu Innn hf., sem hefur allt frá árinu 1998 þróað hið vinsæla vefumsjónarkerfi LiSA. Rekstur Eskils og Innn var sameinaður undir nafni Eskils og til varð stærsta veflausnafyrirtæki landsins. Eskill kemur nú að hönnun og útfærslu vefja fyrir fjölmörg af stærstu fyrirtækjum landsins og hefur hlotið ótal viðurkenningar fyrir vinnu sína. Þá fékk Eskill á árinu vottun frá Microsoft sem Microsoft Gold Certified Partner.

Mikil eftirspurn var eftir veflausnum og tengdri þjónustu á árinu 2007. Eftirspurnin jókst mest í lausnum sem byggja á Microsoft SharePoint tækninni, sem flest stærri fyrirtæki landsins eru nú að innleiða. Eskill vann að fjölmörgum SharePoint innleiðingum á árinu og er nú sá aðili hér á landi sem hvað mesta reynslu hefur í útfærslu og innleiðingum á því sviði. LiSA átti einnig mjög góðu gengi að fagna á árinu og fjölmörg ný innri- og ytri vefsvæði voru sett upp á árinu. Útlit er fyrir áframhaldandi góða verkefnastöðu og mikinn vöxt hjá Eskli á þessu ári.




ÁRLEGA ERU UM

**1.500 BÓKATITLAR**

GEFNIR ÚT Á ÍSLANDI.

**ÞAÐ JAFNGILDIR NÆRRI ÞVÍ**

**6 BÓKUM**

Á HVERJUM VIRKUM DEGI.*

EYMUNDSSON NOTAR

VEFUMSJÓNARKERFI FRÁ ESKLI.

*HEIMILD: LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS - HÁSKÓLABÓKASAFN.



**Einar Þórhallsson**
Framkvæmdastjóri

Fjöldi starfsmanna: 20

Kerfislausnir
Hlíðarsmára 11, 201 Kópavogur
www.kerfislausnir.is

KERFISLAUSNIR

# NÝJAST Í FJÖLSKYLDUNNI

## ÁHERSLA Á TRÚNAÐ VIÐ VIÐSKIPTAVINI

Kerfislausnir ehf. sérhæfir sig í sölu og þjónustu á lausnum til fjármunavörslu af ýmsum toga, við afgreiðslu og varðveislu auk annarrar meðhöndlunar. Aðaláherslusvið fyrirtækisins á umliðnum árum hafa verið biðnúmerakerfi, seðla- og myntmeðhöndlunarvélar og rafræn verðbreytingakerfi. Kerfislausnir er ábyrgt og framsækið sölu- og þjónustufyrirtæki. Það státar af öflugri liðsheild, sterkri samfélagsvitund og gerir sér far um að veita afburða þjónustu. Fyrirtækið leggur ríka áherslu á að fyllsta trúnaðar sé gætt gagnvart öllum viðskiptavinum. Kerfislausnir ehf. komust í eigu Teymis í nóvember 2007.



Í árslok 2007 höfðu um 100 biðnúmerakerfi á vegum Kerfislausna verið sett upp á landinu öllu, um 70 TCR gjaldkeravélar, sem auka verulega öryggi í afgreiðslu, og 3 öflugar seðlaflokkunarvélar hjá stórum fjármálafyrirtækjum. 17 stórmarkaðir höfðu innleitt hjá sér rafrænt verðbreytingakerfi Kerfislausna með mikilli hagræðingu og vinnusparnaði fyrir sig og sýnilegum hagsbótum fyrir neytendur.

Umfangsmesta verkefni Kerfislausna á árinu var uppsetning á verðbreytingarkerfi í nýrri stórverslun Byko við Kauptún í Garðabæ. Kerfið státar af 140 sendum og 25 þúsund verðmiðum, sem gerir kerfið það stærsta hér á landi og eitt hið stærsta á Norðurlöndunum. Mikil aukning var á sölu biðnúmerakerfa á árinu og hugbúnaður sem sérhæft starfsfólk Kerfislausna hefur þróað fyrir snertiskjái og hugbúnaðarstjórnborð vakti mikla athygli. Hjá N1 og Sólningu voru sett upp biðnúmerakerfi sem voru sérsniðin fyrir dekkjaverstæði auk þess sem nýjung í sjálfsafgreiðslu á mynt í bankaútibúum var kynnt. Þá var gengið frá samningi við Glitni um kaup og þjónustu á Cobra seðlaflokkunarvél frá De La Rue og verður vélin afhent á árinu 2008.




# 5 MILLJÓN

**BIÐNÚMER VORU TEKIN**
ÚR NÚMERAKERFUM FRÁ
**KERFISLAUSNUM**
**Á ÁRINU 2007. AÐ MEÐALTALI**
FÉKK HVER EINASTI ÍSLENDINGUR
**Í HENDUR 16 MIÐA.**

# EINFÖLD OG
# SKILVIRK STJÓRNUN

Teymi hf. er metnaðarfullt félag með háleit og raunhæf markmið. Félagið sjálft er ungt en rekstur fyrirtækjanna sem tilheyra samstæðunni er traustur og mörg eiga djúpar rætur í samfélaginu. Fyrirtækin veita fólkinu í landinu margvíslega þjónustu, ýmist með beinum hætti eða með samstarfi við atvinnulífið, og þræðir þeirra liggja víðar en marga grunar.

Skrifstofa Teymis hf. er að Suðurlandsbraut 18, 4. hæð. Andrúmsloftið á staðnum er afslappað og vinnuandinn góður. Góð aðstaða er á staðnum fyrir dótturfélög Teymis til fundahalda og námskeiða, sem félögin nýta sér í auknum mæli.



## Árni Pétur Jónsson

**FORSTJÓRI**

Árni Pétur er forstjóri Teymis auk þess sem hann stýrir rekstri Vodafone, sem er stærsta fyrirtækið innan Teymis samstæðunnar. Áður var Árni Pétur framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Haga, framkvæmdastjóri matvörusviðs Baugs og framkvæmdastjóri markaðssviðs heildsölu Olís.





## Ólafur Þór Jóhannesson

**FRAMKVÆMDASTJÓRI FJÁRMÁLASVIÐS**

Ólafur kom til starfa sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Teymi við stofnun félagsins. Áður starfaði Ólafur hjá endurskoðunarfyrirtækinu PricewaterhouseCoopers og var meðeigandi. Þá var Ólafur aðjúnkt við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík frá árinu 2000.



## Dóra Sif Tynes

**FRAMKVÆMDASTJÓRI LÖGFRÆÐISVIÐS**

Dóra Sif er framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Teymis og regluvörður. Dóra Sif starfaði áður sem forstöðumaður lögfræði og stjórnsýslu hjá Vodafone og í lagadeild Eftirlitstofnunar EFTA í Brussel. Sérsvið Dóru Sifjar er samkeppnis- og fjarskiptaréttur.

# STJÓRN TEYMIS



## Þórdís J. Sigurðardóttir

STJÓRNARFORMAÐUR

Þórdís hefur setið í stjórn Teymis hf. frá því fyrirtækið var stofnað, þann 17. nóvember 2006. Hún er framkvæmdastjóri hjá Baugi Group hf. og gegndi áður starfi framkvæmdastjóra MBA-náms við Háskólann í Reykjavík, þar sem hún kenndi greinar tengdar stjórnun og breytingum í fyrirtækjarekstri. Áður hafði Þórdís stýrt starfsmannamálum EJS og verið aðstoðarmaður framkvæmdastjóra Hugar. Þórdís situr m.a. í stjórnum fyrirtækjanna Mosaic Fashions, Haga og Merlin.



## Pétur Már Halldórsson

STJÓRNARMAÐUR

Pétur Már var kjörinn í stjórn Teymis hf. á aðalfundi félagsins 2007. Hann starfar hjá Fons hf. en gegndi áður stjórnunarstörfum hjá Samskipum, SÍF og Flögu. Pétur Már er stjórnarformaður Securitas og Plastprents og situr m.a. í stjórnum félaganna Landic Property, Hamleys, Whittard of Chelsea, Julian Graves, Woodward og Aurum Holdings sem er eignarhaldsfélag um rekstur úra og skartgripaverslana; Goldsmiths, Mappin & Webb og Watches of Switzerland.



## Þorsteinn M. Jónsson

STJÓRNARMAÐUR

Við stofnun Teymis hf. var Þorsteinn kjörinn í stjórn félagsins. Þorsteinn er stjórnarformaður Vífilfells og situr m.a. í stjórnum FL Group og 365. Þorsteinn starfaði áður sem hagfræðingur hjá Seðlabanka Íslands og Samtökum iðnaðarins þar til hann var ráðinn til starfa sem framkvæmdastjóri Vífilfells árið 1996. Hann gegndi því starfi til ársins 2005 og tók þá við sem stjórnarformaður.





## Jón Þorsteinn Jónsson

STJÓRNARMAÐUR

Jón Þorsteinn var kjörinn í stjórn Teymis á aðalfundi félagsins 2007. Hann er stjórnarformaður í fjárfestingafélaginu Saxhóli ehf. og starfaði áður við ýmis stjórnunarstörf hjá Nóatúnsverslununum. Jón Þorsteinn er stjórnarformaður hjá Byr sparisjóði og situr í stjórnun fjölmargra félaga; m.a. Öryggismiðstöðvar Íslands, Smáralindar, Gasfélagsins og Ferðaskrifstofu Íslands.



## Ásta Bjarnadóttir

STJÓRNARMAÐUR

Ásta var kjörin í stjórn Teymis hf. á stofnfundi félagsins. Hún er framkvæmdastjóri mannauðs- og gæða hjá Háskólanum í Reykjavík, þar sem hún hefur starfað frá árinu 2001, fyrst sem lektor í viðskiptadeild og síðar forstöðumaður BSc náms í viðskiptafræði. Áður gegndi hún starfi starfsmannastjóra hjá Baugi og Íslenskri erfðagreiningu.





# STJÓRNARHÆTTIR

Stjórn Teymis hf. leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja frá Kauphöll Íslands og Samtökum atvinnulífsins. Að auki fylgist stjórnin með þróun mála sem varða stjórnarhætti fyrirtækja bæði hér á landi og erlendis. Ráðgjafarfyrirtækið PriceWaterhouseCoopers gerði til að mynda úttekt á stjórnarháttum Teymis á árinu 2007 að frumkvæði stjórnenda félagsins og var úttektin liður í reglubundnu endurmati á stjórnarháttum fyrirtækisins.

## HLUTHAFAFUNDIR

Hluthafafundir fara með æðsta vald í málefnum félagsins. Allir hluthafar hafa þar jafnan rétt til að taka til máls, leggja fram tillögur og greiða atkvæði. Einfaldan meirihluta þarf almennt til að tillaga nái fram að ganga nema samþykktir félagsins eða lög mæli fyrir um annað. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu hlutafjár. Stjórn félagsins boðar til hluthafafundar er hún telur þess vera þörf en einnig ef fram kemur skrifleg beiðni frá hluthöfum sem ráða yfir minnst einum tíunda hlutafjár. Hluthafafundir félagsins eru opnir fjölmiðlum.

## AÐALFUNDUR

Aðalfundur félagins skal haldinn fyrir lok júnímánaðar ár hvert. Til aðalfundar er boðað með minnst viku fyrirvara með auglýsingu í dagblöðum. Í auglýsingu er gerð grein fyrir dagskrá fundarins en fram komnar tillögur, greinargerð stjórnar, ársreikningur og önnur fundargögn liggja frammi á skrifstofu félagsins frá þeim tíma. Þá kýs aðalfundur félagsins stjórn fyrir næsta starfsár en framboð til stjórnar skulu liggja fyrir minnst fimm dögum fyrir aðalfund. Frá þeim tíma skulu ferilskrár frambjóðenda vera hluthöfum aðgengilegar á skrifstofu félagsins.

## SAMÞYKKTIR

Í samþykktum félagsins er að finna ákvæði um tilgang félagsins, heimilisfang þess og heiti, hlutafé, hluthafafundi, hlutverk stjórnar og framkvæmdastjóra.

## STJÓRN TEYMIS

Stjórn Teymis fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda. Stjórnin samanstendur af fimm aðalmönnum og tveimur til vara sem kosnir eru á aðalfundi félagsins til árs í senn. Stjórnin hefur sett sér ítarlegar starfsreglur sem kveða meðal annars á um skiptingu starfa stjórnar, verksvið stjórnarinnar og stjórnarformanns, undirnefndir stjórnar, boðun funda og fundargögn, fundargerðir, ákvörðunarvald og atkvæðagreiðslur, þagnar- og trúnaðarskyldu og hæfi stjórnarmanna til að taka þátt í afgreiðslu mála. Starfsreglur stjórnar hafa einnig að geyma ítarleg ákvæði um upplýsingagjöf til stjórnar og árangursmat sbr. liði 2.3. og 2.4. í leiðbeiningum Kauphallarinnar. Þá hefur stjórnin einnig samþykkt fjárstýringarstefnu fyrir félagið þar sem skilgreind eru markmið fjárstýringar, áhættumat og heimildir stjórnenda félagsins.

Meirihluti stjórnarmanna félagsins telst óháður gagnvart félaginu samkvæmt skilgreiningu um óháða stjórnarmenn í leiðbeiningum Kauphallarinnar og SA, sbr. lið 2.6. Þá telst meirihluti stjórnarmanna vera óháður stórum hluthöfum í félaginu eins og þeir eru skilgreindir í lið 2.5.

## ENDURSKOÐUNARNEFND

Endurskoðunarnefnd stjórnar er skipuð þremur stjórnarmönnum sem allir teljast óháðir félaginu sbr. liður 2.6. í leiðbeiningum Kauphallar og SA. Endurskoðunarnefnd hefur sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem kveðið er á um hlutverk og ábyrgð nefndarinnar, fundi og samskipti við endurskoðendur félagsins. Endurskoðunarnefnd kemur reglulega saman í tengslum við árs- og árshlutauppgjör félagsins. Einnig felst í hlutverki nefndarinnar að fara yfir skýrslur stjórnenda um framkvæmd fjárstýringarstefnu. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs og framkvæmdastjóri lögfræðisviðs sitja fundi nefndarinnar og eru henni til aðstoðar.

## STARFSKJARANEFND

Starfskjaranefnd stjórnar er skipuð þremur stjórnarmönnum sem allir teljast óháðir félaginu sbr. liður 2.6. í leiðbeiningum Kauphallar og SA. Starfskjaranefnd starfar skv. Starfskjarastefnu félagsins sem samþykkt var á aðalfundi þess 20. mars 2007.

Ekki er til að dreifa almennri kaupréttaráætlun í félaginu og hefur slík áætlun því ekki verið borin undir hluthafafund. Nokkrum lykilstjórnendum í félaginu hefur verið veittur kaupréttur á bréfum í félaginu. Um er að ræða einstaklingsbundna gerninga en ekki almenna áætlun, sbr. lið 3.1.B.2. í leiðbeiningum Kauphallarinnar.

## REGLUVARSLA

Regluvörður félagsins og staðgengill hans eru skipaðir af stjórn þess. Stjórnin hefur sett innherjum í félaginu sérstakar reglur um innherjaviðskipti og meðferð innherjaupplýsinga til fyllingar ákvæðum laga um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007 og reglna Fjármálaeftirlitsins um viðskipti innherja.

Í ljósi framangreinds lýsir stjórn Teymis hf. því yfir að starfsemi stjórnar er fyllilega í samræmi við leiðbeiningar Kauphallarinnar og SA um stjórnarhætti fyrirtækja.

# HAGNAÐUR TEYMIS
# 1.354 MIILLJÓNIR EFTIR SKATTA

TEKJUR 21,5 MILLJARÐAR
15,4% INNRI VÖXTUR FRÁ FYRRA ÁRI
EBITDA ÁRSINS 4.009 MILLJÓNIR

Hagnaður Teymis á árinu 2007 nam 1.354 milljónum króna. Innri vöxtur félagsins var 15,4% miðað við fyrra ár (pro-forma) og voru tekjurnar um 21,5 milljarðar króna. Hagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) nam 4.009 milljónum króna, veltufjárhlutfall Teymis í árslok var 1,25 og eiginfjárhlutfall 22,1%. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur námu 76 milljónum á árinu. Þar af nam gengishagnaður af langtíma-skuldum 930 m.kr. Hlutdeild í tapi og niðurfærsla vegna hlutdeildarfélagsins Hands Holding nam 1,1 milljarði króna.




**TEKJUR TEYMIS**
Góður innri vöxtur milli ára

### MIKILL VÖXTUR

Árið 2007 einkenndist af miklum innri vexti Teymis, bæði í fjarskiptum og upplýsingatækni. Vöxturinn var ívið meiri í fjarskiptahluta félags-ins þar sem heildartekjur námu 12,7 milljörðum króna. Það jafngildir 18% vexti milli ára. Upplýsingatæknifyrirtæki samstæðunnar juku tekjur sínar um 14% (pro-forma) á árinu og voru þær tæpir 9,8 mill-jarðar króna.

Hagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) jókst um 448 milljónir milli ára og nam 4,009 milljörðum króna. Í fjarskiptahluta Teymis nam aukningin 455 milljónum og UT hlutinn skilaði um 1,2 milljörðum króna í EBITDA, sem var 178 milljóna hækkun milli ára.




## FJÁRMÖGNUN
## Á GÓÐUM KJÖRUM

Vaxtaberandi fjármögnun félagsins var mjög hagstæð í árslok. Vegnir meðalvextir vaxtaberandi skulda voru 6,3% í árslok og voru 25% af skuldunum í íslenskum krónum en 75% í erlendum gjaldmiðlum. Af íslenska hlutanum er stærstur hluti verðtryggður með u.þ.b. 6% vöxtum. Næsta árs afborgun vaxtaberandi skulda nam 1,8 milljörðum króna í árslok 2007.

# REKSTRARREIKNINGUR

| MILLJÓNIR KRÓNA | 2007 |
|---|---|
| SALA | 21.548 |
| KOSTNAÐARVERÐ SELDRA VARA OG ÞJÓNUSTU | (13.737) |
| **FRAMLEGÐ** | **7.811** |
| AÐRAR REKSTRARTEKJUR | 96 |
| REKSTRARKOSTNAÐUR | (5.595) |
| **REKSTRARHAGNAÐUR (EBIT)** | **2.312** |
| HREINAR FJÁRMAGNSTEKJUR (GJÖLD) | (76) |
| ÁHRIF HLUTDEILDARFÉLAGA | (1.116) |
| **HAGNAÐUR (TAP) FYRIR SKATTA** | **1.120** |
| TEKJUSKATTUR | (259) |
| **HAGNAÐUR (TAP) AF ÁFRAMH. STARFSEMI** | **861** |
| AFLÖGÐ STARFSEMI (SECURITAS) | 493 |
| **HAGNAÐUR ÁRSINS** | **1.354** |
| | |
| **EBITDA** | **4.009** |

# SJÓÐSTREYMI

| MILLJÓNIR KRÓNA | 2007 |
|---|---|
| **HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI** | **3.258** |
| **FJÁRFESTINGARHREYFINGAR SAMTALS** | **(1.086)** |
| **FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR SAMTALS** | **711** |
| **HANDBÆRT FÉ Í LOK TÍMABILS** | **3.516** |

Handbært fé frá rekstri án greiddra vaxta og skatta nam 4,1 milljarði króna á árinu 2007 en 3.258 milljónum króna eftir að tekið hafði verið tillit til greiddra vaxta og skatta. Fjárfestingar námu 1,8 milljörðum króna en að öðru leyti litast hreyfingar í sjóðstreymi af atburðum sem lýst er í skýringum við efnahags-reikning. Handbært fé í lok árs nam 3.516 milljónum króna.

# EFNAHAGSREIKNINGUR

| MILLJÓNIR KRÓNA | 31/12/07 | 31/12/06 | BREYTING FRÁ 2006 |
|---|---|---|---|
| **FASTAFJÁRMUNIR SAMTALS** | **28.763** | **31.592** | **(2.829)** |
| | | | |
| **VELTUFJÁRMUNIR SAMTALS** | **8.757** | **5.314** | **3.443** |
| - ÞAR AF HANDBÆRT FÉ | 3.516 | 633 | 2.883 |
| | | | |
| **EIGNIR SAMTALS** | **37.520** | **36.906** | **614** |
| | | | |
| EIGIÐ FÉ | 8.296 | 3.878 | 4.418 |
| LANGTÍMASKULDIR | 22.193 | 22.266 | (73) |
| SKAMMTÍMASKULDIR | 7.031 | 10.762 | (3.732) |
| **SKULDIR SAMTALS** | **29.224** | **33.028** | **(3.804)** |
| | | | |
| **EIGIÐ FÉ OG SKULDIR SAMTALS** | **37.520** | **36.906** | **614** |

Miklar breytingar urðu á efnahagsreikningi Teymis á árinu. Sala á Securitas, hlutafjáraukning um 4 milljarða, sala á eignarhlut í Hands Holding og kröfu á hendur félaginu höfðu þar mest áhrif ásamt góðum rekstri, sterku sjóðstreymi og hagstæðri gengisþróun íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum. Vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé námu í árslok 20 milljörðum króna og höfðu lækkað um 7,1 milljarð milli ára vegna framangreindra atriða. Eiginfjárhlutfall Teymis í árslok var 22,1% og veltufjárhlutallið 1,25.




# GENGI HLUTABRÉFA Í TEYMI ÁRIÐ 2007

Verð á hlutabréfum í Teymi sveiflaðist nokkuð á árinu, en öfugt við mörg önnur félög jókst markaðsvirði félagsins á árinu. Fyrstu vikur ársins 2007 einkenndust af varfærni fjárfesta, enda var félagið nýtt og þurfti að sýna fram á góðan og stöðugan rekstur. Eftir nokkra verðlækkun á fyrstu fjórum mánuðum ársins tók félagið kipp og gengið hækkaði úr 4,55 (11. maí) í 6,89 (11. október) eða um 48%. Á síðasta viðskiptadegi ársins var gengi bréfa í Teymi 5,94 og hafði hækkað um 11,7% frá ársbyrjun.



Gengisþróun hlutabréfa í Teymi var með öðrum hætti en í mörgum félögum á markaði. Óróinn sem einkenndi markaðinn á síðari hluta ársins virtist þannig auka tiltrú fjárfesta á Teymi, sem að mestu var óháð þeim þáttum sem ollu mikilli lækkun á fjármálafyrirtækjum.

# 10 STÆRSTU HLUTHAFAR Í ÁRSLOK

| HLUTHAFI | EIGNARHLUTUR |
|---|---|
| BAUGUR GROUP HF | 24,47% |
| LI-HEDGE | 10,58% |
| SJ2 EHF | 10,5% |
| FONS HF | 5,48% |
| TEYMI HF | 4,92% |
| ATORKA GROUP HF | 4,04% |
| ICEBANK HF | 3,6% |
| ÞÓRDÍS JÓNA EHF | 3,01% |
| RUNNUR 2 EHF | 2,73% |
| MP FJÁRFESTINGARBANKI HF | 2,59% |

ÁRSREIKNINGUR 2007

# SKÝRSLA OG YFIRLÝSING STJÓRNAR OG FORSTJÓRA

Samstæðuársreikningur Teymis hf. og dótturfélaga fyrir árið 2007 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið innleiddir af Evrópusambandinu. Ársreikningurinn samanstendur af samstæðuársreikningi Teymis hf. og dótturfélaga.

Útgefið hlutafé félagsins nam í árslok 3.570 millj. kr., en félagið á eigin hlutabréf að nafnverði 176 millj. kr. Hlutafé í árslok skiptist á 985 hluthafa samanborið við 1.115 í árslok 2006. Í árslok 2007 áttu þrír hluthafar yfir 10% eignarhlut í félaginu en þeir eru:

| | |
|---|---|
| Baugur Group hf. | 24,5% |
| LI Hedge | 10,6% |
| SJ2 ehf. | 10,5% |

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður ársins 1.354 millj. kr. Eigið fé samstæðunnar nam 8.296 millj. kr. í árslok 2007 samkvæmt efnahagsreikningi. Stjórn félagsins leggur til að 10% arður verði greiddur til hluthafa á árinu 2008 vegna rekstrarársins 2007. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2007, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007. Jafnframt er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Reykjavík, 30. janúar 2008.

Í stjórn:
Þórdís J. Sigurðardóttir
Jón Þorsteinn Jónsson
Þorsteinn M. Jónsson
Pétur M. Halldórsson
Ásta Bjarnadóttir

Forstjóri:
Árni Pétur Jónsson

# ÁRITUN ÓHÁÐRA ENDURSKOÐENDA

## TIL STJÓRNAR OG HLUTHAFA TEYMIS HF.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Teymis hf. og dótturfélaga þess fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## ÁBYRGÐ STJÓRNENDA Á ÁRSREIKNINGNUM

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

## ÁBYRGÐ ENDURSKOÐANDA

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á samstæðuársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## ÁLIT

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2007, fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 30. janúar 2008.
KPMG hf.
Margret G. Flóvenz

# REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2007

| MILLJÓNIR KRÓNA | SKÝRINGAR | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| | | | 1.10- 31.12 LEIÐRÉTT* |
| Sala | 9 | 21.548 | 4.740 |
| Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu | | (13.737) | (3.199) |
| **Framlegð** | | 7.811 | 1.541 |
| Aðrar rekstrartekjur | 10 | 96 | 715 |
| Sölu- og markaðskostnaður | | (1.842) | (413) |
| Stjórnunarkostnaður | | (3.753) | (823) |
| Virðisrýrnun óefnislegra eigna | 21 | 0 | (62) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 2.312 | 958 |
| Fjármunatekjur | | 2.161 | 93 |
| Fjármagnsgjöld | | (2.237) | (1.628) |
| **Hrein fjármagnsgjöld** | 14 | (76) | (1.535) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 22 | (1.116) | (796) |
| **Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt** | | 1.120 | (1.373) |
| Tekjuskattur | 15-16 | (259) | 80 |
| **Hagnaður (tap) af áframhaldandi starfsemi** | | 861 | (1.293) |
| **Aflögð starfsemi:** | | | |
| Hagnaður af aflagðri starfsemi (án tekjuskattsáhrifa) | 7 | 493 | 40 |
| **Hagnaður (tap) ársins** | | 1.354 | (1.253) |
| **Skipting hagnaðar (taps):** | | | |
| Hluthafar móðurfélags | | 1.353 | (1.270) |
| Hlutdeild minnihluta | | 1 | 17 |
| **Hagnaður (tap) ársins** | | 1.354 | (1.253) |
| **Hagnaður (tap) á hlut:** | | | |
| Grunnhagnaður (tap) á hverja krónu hlutafjár | 29 | 0,420 | (0,460) |
| Þynntur hagnaður (tap) á hverja krónu hlutafjár | | 0,410 | (0,460) |

* Sjá aflögð starfsemi (skýring 7).

Skýringar á bls. 46 - 74 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

# EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2007

| MILLJÓNIR KRÓNA | SKÝRINGAR | 31.12.2007 | 31.12.2006 |
|---|---|---|---|
| **Eignir:** | | | |
| Rekstrarfjármunir | 17 | 5.200 | 4.981 |
| Óefnislegar eignir | 20 | 22.157 | 20.064 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | 22 | 0 | 2.703 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 23 | 475 | 152 |
| Langtímakröfur á hlutdeildarfélög | | 0 | 2.690 |
| Skattinneign | 24 | 931 | 1.002 |
| Fastafjármunir | | 28.763 | 31.592 |
| Birgðir | 25 | 484 | 497 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 26 | 4.757 | 4.184 |
| Handbært fé | 27 | 3.516 | 633 |
| Veltufjármunir | | 8.757 | 5.314 |
| **Eignir samtals** | | 37.520 | 36.906 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 3.393 | 2.645 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 3.952 | 1.097 |
| Annað bundið eigið fé | 28 | (402) | 125 |
| Óráðstafað eigið fé | | 1.353 | 0 |
| Eigið fé hluthafa móðurfélagsins | | 8.296 | 3.867 |
| Hlutdeild minnihluta | | 0 | 11 |
| Eigið fé samtals | 28 | 8.296 | 3.878 |
| **Skuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 30 | 21.650 | 22.121 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 24 | 84 | 58 |
| Skuldbinding vegna söluréttarsamninga | | 459 | 0 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 34 | 0 | 87 |
| Langtímaskuldir | | 22.193 | 22.266 |
| Vaxtaberandi skuldir | 31 | 1.845 | 5.851 |
| Skuldbinding vegna söluréttar eigin hlutabréfa | | 0 | 584 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 35 | 4.859 | 3.922 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 34 | 327 | 405 |
| Skammtímaskuldir | | 7.031 | 10.762 |
| Skuldir samtals | | 29.224 | 33.028 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 37.520 | 36.906 |

Skýringar á bls. 46 - 74 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

# EIGINFJÁRYFIRLIT 2007

| MILLJÓNIR KRÓNA | HLUTAFÉ | YFIRVERÐS-REIKNINGUR HLUTAFJÁR | *ANNAÐ BUNDIÐ EIGIÐ FÉ | ÓRÁÐSTAFAÐ EIGIÐ FÉ | EIGIÐ FÉ HLUTHAFA MÓÐUR-FÉLAGS | HLUTDEILD MINNIHLUTA | EIGIÐ FÉ SAMTALS |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.10.2006 | 2.728 | 2.959 | 38 | 0 | 5.725 | 115 | 5.840 |
| Áhættuvarnir | | | (17) | | (17) | | (17) |
| Þýðingarmunur | | | 100 | | 100 | | 100 |
| Tap tímabilsins | | | | (1.270) | (1.270) | 17 | (1.253) |
| Tap fært á eigið fé | | | 83 | (1.270) | (1.187) | 17 | (1.170) |
| Keypt eigin bréf | (83) | (349) | | | (432) | | (432) |
| Kaupréttur hlutabréfa | | | 4 | | 4 | | 4 |
| Leiðrétt skipting, skattinneign | | | | (4) | (4) | | (4) |
| Keypt eigin bréf í dótturfélagi | | (66) | | | (66) | | (66) |
| Aukning í hlutdeildarfélagi | | | | 97 | 97 | | 97 |
| Hlutdeild minnihluta, breyting | | | | | | (121 ) | (121) |
| Flutt á ójafnað eigið fé | | (1.177) | | 1.177 | | | |
| Eigið fé 31.12.2006 | 2.645 | 1.367 | 125 | 0 | 4.137 | 11 | 4.148 |

| MILLJÓNIR KRÓNA | HLUTAFÉ | YFIRVERÐS-REIKNINGUR HLUTAFJÁR | *ANNAÐ BUNDIÐ EIGIÐ FÉ | ÓRÁÐSTAFAÐ EIGIÐ FÉ | EIGIÐ FÉ HLUTHAFA MÓÐUR-FÉLAGS | HLUTDEILD MINNIHLUTA | EIGIÐ FÉ SAMTALS |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2007 | 2.645 | 1.367 | 125 | 0 | 4.137 | 11 | 4.148 |
| Afleiður, breyting á mati | | (270) | | | (270) | | (270) |
| Eigið fé 1.1.2007 leiðrétt | 2.645 | 1.097 | 125 | 0 | 3.867 | 11 | 3.878 |
| Áhættuvarnir | | | 4 | | 4 | | 4 |
| Þýðingarmunur | | | (183) | | (183) | | (183) |
| Hagnaður ársins | | | | 1.353 | 1.353 | 1 | 1.354 |
| Hagnaður færður á eigið fé | | | (179) | 1.353 | 1.174 | 1 | 1.175 |
| Selt nýtt hlutafé | 842 | 2.928 | | | 3.770 | | 3.770 |
| Eigin bréf, breyting | (61) | (258) | | | (319) | | (319) |
| Áhrif uppgjörs söluréttar eigin bréfa | (36) | 191 | | | 155 | | 155 |
| Hlutabréfatengdar greiðslur | | | 83 | | 83 | | 83 |
| Kaupréttir nýttir | 3 | (6) | | | (3) | | (3) |
| Nýr söluréttur á eigin bréfum | | | (431) | | (431) | | (431) |
| Hlutdeild minnihluta, breyting | | | | | | (12) | (12) |
| Eigið fé 31.12.2007 | 3.393 | 3.952 | (402) | 1.353 | 8.296 | 0 | 8.296 |

* Sjá skýringu 28

Skýringar á bls. 46 - 74 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

# SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÁRSINS 2007

| MILLJÓNIR KRÓNA | SKÝRINGAR | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| | | | 1.10- 31.12 |
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og tekjuskatts | 37 | 4.121 | 347 |
| Innborgaðar vaxtatekjur | | 607 | 107 |
| Greidd vaxtagjöld | | (1.459) | (633) |
| Greiddur tekjuskattur | | (11) | (25) |
| Handbært fé frá rekstri (til rekstrar) | | 3.258 | (204) |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | |
| Fenginn arður frá dótturfélögum | | 0 | 55 |
| Seldir rekstrarfjármunir | | 41 | 31 |
| Seldar óefnislegar eignir | | 1 | 0 |
| Seld dótturfélög | | 538 | 0 |
| Seld aflögð starfsemi, að frádregnu afhentu handbæru fé | | 3.539 | 0 |
| Seldir eignarhlutar í öðrum félögum | | 12 | 0 |
| Fjárfesting í dótturfélögum, að frádregnu yfirteknu handbæru fé | | (3.474) | 0 |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | | (1.440) | (331) |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | | (358) | (144) |
| Fjárfesting í hlutdeildarfélögum | | 0 | (600) |
| Fjárfesting í öðrum félögum | | (72) | 0 |
| Langtímakröfur, breyting | | 127 | (163) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | (1.086) | (1.152) |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | |
| Innborgað nýtt hlutafé | | 3.770 | 0 |
| Seldir eigin hlutir vegna kaupréttarsamninga | | 15 | 0 |
| Keypt eigin bréf | | (505) | (334) |
| Tekin ný langtímalán | | 2.092 | 855 |
| Afborganir langtímalána | | (1.122) | (526) |
| Skammtímalán, breyting | | (3.536) | 873 |
| Greiddur arður til minnihluta | | (3) | 0 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 711 | 868 |
| **Aflögð starfsemi:** | | | |
| Handbært fé frá rekstri | | 180 | 63 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | (92) | 96 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | (88) | (155) |
| Handbært fé frá aflagðri starfsemi | | 0 | 4 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 2.883 | (484) |
| **Handbært fé 1. janúar / 1. október** | | 633 | 1.116 |
| **Þýðingarmunur** | | 0 | 1 |
| **Handbært fé 31. desember** | | 3.516 | 633 |

# SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÁRSINS 2007, FRAMHALD:

| MILLJÓNIR KRÓNA | SKÝRINGAR | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| | | | 1.10- 31.12 |
| **Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa:** | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | | (387) | (1.400) |
| Seldir rekstrarfjármunir | | 0 | 1.123 |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | | (64) | 0 |
| Fjárfesting í dótturfélögum | | (1.584) | 0 |
| Fjárfesting í hlutdeildarfélögum | | 0 | (1.515) |
| Langtímakröfur á hlutdeildarfélög | | 2.462 | 0 |
| Seldir eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | | 1.252 | 0 |
| Skammtímaskuldir | | 0 | 1.400 |
| Tekin ný langtímalán | | 45 | 15.092 |
| Afborgun langtímalána | | 0 | (5.010) |
| Skammtímaskuldir, breyting | | (2.446) | (9.196) |
| Vaxtagjöld | | 0 | (262) |
| Keypt eigin bréf | | 0 | (232) |
| Seldir eigin hlutir | | 175 | 0 |

# SKÝRINGAR

## 1. FÉLAGIÐ

Teymi hf. ("Félagið") er með aðsetur á Íslandi. Höfuðstöðvar félagsins eru skráðar að Skútuvogi 2, Reykjavík en verða fluttar að Suðurlandsbraut 18 að gefnu samþykki aðalfundar hluthafa. Ársreikningur samstæðunnar fyrir árið 2007 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess sem vísað er til í heild sem samstæðunnar og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum.

Teymi hf. er eignarhaldsfélag á sviði fjarskipta og upplýsingatækni. Meginstarfsemi félagsins og dótturfélaga er lýst nánar í starfsþáttayfirliti hér á eftir. Teymi hf. er skráð á aðallista OMX Nordic Exchange á Íslandi.

## 2. GRUNDVÖLLUR REIKNINGSSKILANNA

**a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt**

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Stjórn félagsins heimilaði birtingu ársreikningsins 30. janúar 2008.

**b. Grundvöllur matsaðferða**

Ársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að undanskildu eftirfarandi:

- afleiðusamningar eru færðir á gangvirði
- fjármálagerningar eru færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning
- skuldbindingar vegna hlutabréfatengdra greiðslna eru metnar á gangvirði

Fjallað er nánar um aðferðir við mat á gangvirði í skýringu 4.



**c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill**

Ársreikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill hennar. Allar fjárhæðir eru birtar í millj. kr.

**d. Mat og ákvarðanir**

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat á einstökum liðum og þeim forsendum sem það byggir á er endurskoðað reglulega. Breyting á reikningshaldslegu mati er færð þegar hún á sér stað og á síðari reikningsskilatímabilum ef matsbreytingin hefur einnig áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í eftirfarandi skýringum:

- skýring 8 - breytingar á samstæðu
- skýring 21 - virðisrýrnunarpróf vegna sjóðsskapandi eininga sem innihalda viðskiptavild
- skýring 15 - nýting skattalegra tapa
- skýring 33 - mat á hlutabréfatengdum greiðslum

## 3. HELSTU REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll þau tímabil sem koma fram í ársreikningi félagsins og fyrir allar einingar innan samstæðunnar. Tilteknar samanburðarfjárhæðir hafa verið leiðréttar til samræmis við framsetningu reikningsskila ársins. Að auki hafa samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi verið leiðréttar með því að sérgreina þann hluta rekstrarins sem tilheyrir aflagðri starfsemi.

**a. Grundvöllur samstæðu**

*(i) Dótturfélög*

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til nýtanlegs atkvæðisréttar. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðu-reikningsskilum félagsins frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

***(ii) Hlutdeildarfélög***

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem félagið hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en hefur ekki yfirráð. Hlutdeildaraðferð er beitt á hlutdeildarfélög. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild samstæðunnar í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga, frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema samstæðan hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

***(iii) Viðskipti felld út í samstæðu***

Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli félaganna, eru felld út í samstæðureikningnum. Óinnleystur hagnaður sem myndast í viðskiptum við hlutdeildarfélög er felldur út í samræmi við eignarhlut samstæðunnar í hlutdeildarfélaginu. Óinnleyst tap er fellt út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar.

**b. Erlendir gjaldmiðlar**

***(i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum***

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð í viðeigandi starfsrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peninga-legar eignir og skuldir sem eru tilgreindar í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar miðað við gengi í lok ársins. Gengishagnaður eða gengistap af peningalegum liðum reiknast sem mismunur á milli afskrifaðs kostnaðarverðs í starfrækslugjaldmiðli í upphafi tímabilsins, þegar tekið hefur verið tillit til virkra vaxta og greiðslna á tímabilinu, og afskrifaðs kostnaðarverðs í erlendum gjaldmiðli á gengi reikningsskiladags. Ópeningalegar eignir og skuldir sem eru tilgreindar í erlendum gjaldmiðlum og eru metnar á gangvirði eru umreiknaðar miðað við gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákveðið. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

*(ii) Erlend starfsemi*

Eignir og skuldir erlendrar starfsemi, að meðtalinni viðskiptavild, eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld erlendu starfseminnar eru umreiknuð í íslenskar krónur á meðalgengi tímabilsins.

Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður á sérstakan lið meðal eigin fjár.

**c. Fjármálagerningar**

***(i) Fjármálagerningar sem innihalda ekki afleiður***

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar teljast fjárfestingar í hlutabréfum, viðskiptakröfur og aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki teljast afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði við upphaflega skráningu, þó með þeim undantekningum sem gerð er grein fyrir hér á eftir.

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar innstæður ásamt markaðsverðbréfum sem skipta má í handbært fé með litlum fyrirvara og breytast að líkindum lítið að verðgildi.

Í skýringu 3.l. er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

***Fjáreignir til sölu***

Fjárfestingar samstæðunnar í verðbréfum og vissum skuldabréfum eru flokkaðar sem fjáreignir til sölu. Þær eru færðar á gangvirði og gangvirðisbreytingar færðar beint á eigið fé. Þó er virðisrýrnun vegna fjármuna til sölu og

gjaldeyrisgengismunur ef um er að ræða peningalega liði færður í rekstrarreikning. Við sölu eða afskráningu fjármuna til sölu eru allar gangvirðisbreytingar sem færðar hafa verið beint á eigið fé færðar í rekstrarreikning.

***Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning***

Fjármálagerningur er flokkaður sem fjáreign eða fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning sé hann veltufjáreign eða veltufjárskuld eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra og er í samræmi við yfirlýsta stefnu samstæðunnar varðandi áhættustjórnun eða fjárfestingarstefnu. Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning. Beinn viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til. Í árslok voru engir fjármálagerningar flokkaðir sem fjáreign eða fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

***Annað***

Aðrir fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar eru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði að teknu tilliti til virðisrýrnunartaps ef um það er að ræða. Við útreikning á afskrifuðu kostnaðarverði er miðað við virka vexti.

***(ii) Afleiðusamningar***

Samstæðan hefur gert afleiðusamninga til að verja sig gegn vaxtaáhættu.

Afleiðusamningar eru upphaflega færðir á gangvirði; viðskiptakostnaður þeim tengdur er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til. Eftir upphafsfærslu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning meðal fjármagnsliða.

***Áhættuvarnir vegna peningalegra eigna og skulda***

Þegar afleiðusamningur er notaður til að verjast gengisáhættu vegna peningalegra eigna eða skulda er ekki beitt áhættuvarnarreikningsskilum heldur er hagnaður eða tap af áhættuvörninni fært í rekstrarreikning sem gengismunur. Áhættuvarði hluturinn er einnig færður á gangvirði og hagnaður eða tap færður í rekstrarreikning.



***Sjóðstreymisvarnir***

Gangvirðisbreytingar afleiðusamninga sem eru áhættuvarnargerningar vegna sjóðstreymis eru færðar beint á sérstakan lið meðal eigin fjár, að því marki sem um virka áhættuvörn er að ræða. Sá hluti gangvirðisbreytinga sem ekki telst virk sjóðstreymisvörn er færður í rekstrarreikning.

Þegar áhættuvarnargerningur uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir beitingu áhættuvarnareikningsskila, hann fellur úr gildi, er seldur, gerður upp eða nýttur, er beitingu áhættuvarnarreikningsskila hætt. Uppsafnaður hagnaður eða tap sem fært hefur verið á eigið fé, verður þar áfram, þar til áhættuvörðu viðskiptin eiga sér stað. Í öðrum tilvikum er fjárhæðin sem færð var á eigið fé flutt í rekstrarreikning á sama tímabili og áhættuvarði liðurinn hefur áhrif á rekstrarreikning.

***(iii) Hlutafé***

***Almennir hlutir***

Almenn hlutabréf eru hluti eigin fjár. Beinn kostnaður vegna útgáfu þeirra og hlutabréfavalrétta er færður til lækkunar á eigin fé, án skattaáhrifa.

***Kaup á eigin hlutum***

Þegar samstæðan kaupir eigin hluti, er kaupverðið, að meðtöldum beinum kostnaði og tekjuskatti, fært til lækkunar á eigin fé. Endurkeyptir eigin hlutir eru flokkaðir sem eigin bréf og færðir til lækkunar á eigin fé. Þegar eigin hlutir eru seldir er eigið fé hækkað og hagnaður eða tap af viðskiptunum fært á óráðstafað eigið fé.

Þegar félagið selur eigin hluti til starfsmanna sinna og veitir þeim á sama tíma sölurétt, það er rétt til að selja hlutina aftur á tilteknum tíma á sama verði og þeir keyptu bréfin, er eigið fé félagsins ekki hækkað. Eigið fé verður hækkað sem nemur söluverðinu ef söluréttinum er ekki nýttur. Í ársreikningnum er nafnverð hlutafjár hækkað sem nemur sölunni, sem og yfirverð hlutanna, en annað eigið fé lækkað samsvarandi. Jafnframt er færð meðal skulda skuldbinding vegna söluréttarins, sem er jafnhá söluverðinu.

**d. Varanlegir rekstrarfjármunir**

*(i) Færsla og mat*

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið framleiðir sjálft innifelur efniskostnað og launakostnað, annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkunarhæft ástand, auk kostnaðar sem áætlað er að muni falla til við niðurrif eigna. Kostnaðarverð gæti einnig innihaldið áhrif af sjóðstreymisvörnum vegna varanlegra rekstrarfjármuna. Kostnaðarverð gæti einnig að hluta verið tilkomið vegna hagnaðar eða taps sem er tilkomið vegna sjóðstreymisvarna vegna kaupa á rekstrarfjármunum. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði. Lántökukostnaður tengdur kaupum eða byggingu rekstrarfjármuna er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

Þegar einstakir hlutir rekstarfjármunar hafa ólíkan nýtingartíma eru þeir aðgreindir í bókhaldi.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverðinu og bókfærði verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna. Þegar endurmetinn rekstrarfjármunur er seldur er endurmat hans meðal eigin fjár fært á óráðstafað eigið fé.

*(ii) Kostnaður sem fellur til síðar*

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

*(iii) Afskriftir*

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra eigna. Leigðar eignir eru afskrifaðar á leigutíma eða nýtingartíma ef hann er skemmri en leigutími.

Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Byggingar | 25-50 ár |
| Fjarskiptabúnaður | 7-20 ár |
| Áhöld og tæki | 2-7 ár |

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi.

**e. Óefnislegar eignir**

*(i) Viðskiptavild*

Viðskiptavild verður til við kaup á dótturfélögum og hlutdeildarfélögum.

*Yfirtökur fyrir 1. janúar 2004*

Flokkun og reikningsskilaaðferðum á sameiningum sem áttu sér stað hjá Dagsbrún hf., forvera Teymis hf., fyrir 1. janúar 2004 var ekki breytt við upptöku á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum 1. janúar 2004. Að því er varðar yfirtökur sem áttu sér stað fyrir þann tíma er viðskiptavild færð samkvæmt þágildandi íslenskum reikningsskilaaðferðum.

*Yfirtökur þann 1. janúar 2004 og síðar*

Að því er varðar yfirtökur sem hafa átt sér stað 1. janúar 2004 og síðar hjá Dagsbrún hf., forvera Teymis hf., er viðskiptavild mismunurinn á kostnaði við yfirtökuna og gangvirði yfirtekinna eigna, skulda og óvissra skulda. Þegar neikvæð viðskiptavild myndast er hún tekjufærð í rekstrarreikningi.

*Yfirtökur á minnihluta*

Viðskiptavild sem myndast við kaup á hlutdeild minnihlutaeigenda í dótturfélögum er mismunurinn á kostnaði við viðbótarfjárfestinguna og bókfærðu verði hreinna eigna á þeim degi sem viðskiptin eiga sér stað.

***Síðara mat***
Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum virðisrýrnunartöpum.

***(ii) Aðrar óefnislegar eignir***
Aðrar óefnislegar eignir sem samstæðan hefur keypt og hafa takmarkaðan nýtingartíma eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnunartapi.

***(iii) Kostnaður sem fellur til síðar***
Kostnaður sem fellur til síðar er einungis eignfærður ef hann eykur efnahagslegan framtíðarávinning sem felst í hinni tilteknu eign sem kostnaðurinn varðar. Annar kostnaður, þar á meðal vegna viðskiptavildar og vörumerkja, sem myndast hafa innan samstæðunnar, er færður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað.

***(iv) Afskriftir***
Afskriftir óefnislegra eigna, annarra en viðskiptavildar, eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma þeirra. Afskriftartími hefst þegar eignirnar eru tilbúnar til notkunar. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Aðrar óefnislegar eignir | 5-20 ár |

**f. Leigðar eignir**
Allir leigusamningar eru rekstrarleigusamningar og eru ekki færðir í efnahagsreikning samstæðunnar.

**g. Vörubirgðir**
Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist.

**h. Virðisrýrnun**
***(i) Fjáreignir***
Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign telst vera virðisrýrð ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af eigninni verði lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi, miðað við upphaflega virka vexti hins vegar. Virðisrýrnun fjáreigna til sölu er ákvörðuð með hliðsjón af gangvirði þeirra á hverjum tíma.

Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru metnar í flokkum með svipuðum lánsáhættueinkennum.

Virðisrýrnun fjáreigna er færð í rekstrarreikning. Uppsafnað tap af fjáreignum til sölu sem fært hefur verið á eigið fé er fært í rekstrarreikning.

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti atburðum sem orðið hafa eftir að virðisrýrnun var færð. Bakfærsla virðisrýrnunar fjáreigna sem bókfærðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eða skuldabréf sem flokkuð eru sem fjáreignir til sölu er færð í rekstrarreikning. Bakfærsla virðisrýrnunar hlutabréfa, sem eru flokkuð sem fjáreignir til sölu, er færð beint á eigið fé.

***(ii) Aðrar eignir***
Á hverjum reikningsskiladegi er lagt mat á hvort eignir samstæðunnar sem ekki teljst til fjáreigna kunni að hafa orðið fyrir virðisrýrnun. Ef vísbendingar eru til staðar um að virðisrýrnun hafi átt sér stað, er lagt mat á endurheimtanlega fjárhæð viðkomandi eigna. Á hverjum reikningsskiladegi er lagt mat á endurheimtanlega fjárhæð viðskiptavildar og óefnislegra eigna sem hafa ótilgreindan líftíma eða hafa ekki enn verið teknar í notkun.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar eða fjárskapandi einingar er hreint gangvirði þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspegla mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eignunum.

Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum eignum eða hópum eigna. Viðskiptavild sem verður til við samruna er deilt út á þær sjóðsskapandi einingar sem áætlað er að samruninn hafi áhrif á.

Virðisrýrnun er færð ef bókfært verð eignar, eða þeirrar fjárskapandi einingar sem hún tilheyrir, er hærra en endurheimtanleg fjárhæð. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi flokkur eigna sem skapar sjóðstreymi sem að mestu er óháð öðrum eignum og eignaflokkum. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning. Virðisrýrnun fjárskapandi einingar er fyrst færð til lækkunar á bókfærðu verði viðskiptavildar sem til staðar er innan viðkomandi einingar. Virðisrýrnun umfram viðskiptavild er svo hlutfölluð með hliðsjón af bókfærðu verði einstakra eigna hinnar fjárskapandi einingar og færð til lækkunar á þeim.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Á hverjum reikningsskiladegi er lagt mat á hvort vísbendingar séu til staðar um að virðisrýrnun, sem færð hefur verið vegna annarra eigna en viðskiptavildar, eigi ekki lengur við. Virðisrýrnun er bakfærð ef breyting hefur orðið á því mati sem lá til grundvallar við ákvörðun endurheimtanlegrar fjárhæðar. Virðisrýrnun er aðeins bakfærð að því marki að bókfært verð eignar verði ekki hærra en það hefði verið á þeim degi sem bakfærsla er gerð ef engin virðisrýrnun hefði átt sér stað.

**i. Hlunnindi starfsmanna**

***(i) Framlög í réttindatengda lífeyrissjóði***

Samstæðan greiðir iðgjöld vegna starfsmanna sinna til sjálfstæðra iðgjaldatengdra lífeyrissjóða. Samstæðan ber enga ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna. Iðgjöldin eru gjaldfærð í rekstrarreikningi meðal launa og launatengdra gjalda eftir því sem þau falla til.

***(ii) Skammtímahlunnindi starfsmanna***

Skuldbindingar vegna skammtímahlunninda starfsmanna eru metnar á óafvöxtuðum grundvelli og eru gjaldfærðar þegar viðeigandi starf er innt af hendi.

Skuldbinding vegna launaauka eða ágóðahluta starfsmanna er færð í reikningsskilin ef samstæðan hefur lagalega eða ætlaða skuldbindingu til að greiða þessa fjárhæð vegna starfs sem áður var innt af hendi og hægt er að áætla skuldbindinguna með áreiðanlegum hætti.

***(iii) Hlutabréfatengdar greiðslur***

Gangvirði veittra kauprétta er fært meðal launatengdra gjalda í rekstrarreikning með mótbókun á eigið fé miðað við þá dagssetningu sem kaupréttur er veittur og dreift á þau tímabil sem starfsmenn eignast skilyrðislausan rétt á kaupréttinum. Fjárhæðin sem gjaldfærð er, er leiðrétt til að sýna raunverulegan fjölda áunninna kauprétta.

Gangvirði kaupréttarsamninga er metið með Black - Scholes aðferðinni. Við matið er notað gengi hlutabréfa á matsdegi, samningsgengi gerningsins, vænt flökt á gengi hlutabréfa félagsins sem byggt er á reynslu sambærilegra félaga, gildistími samninganna, væntar arðgreiðslur og áhættulausir vextir sem byggjast á ríksbréfum. Skilyrði um veitta þjónustu og árangur sem tengjast gerningunum eru ekki tekin með í reikninginn við ákvörðun gangvirðis.

**j. Tekjur**

***(i) Seldar vörur***

Tekjur af sölu á vörum eru metnar á gangvirði gagngjalds að frádregnum afsláttum. Tekjur eru færðar þegar meginhluti áhættu og ávinnings flyst til kaupanda, innheimta greiðslu er líkleg, hægt er að meta tengdan kostnað og vöruskil með áreiðanlegum hætti, og engin áframhaldandi afskipti eru af vörunni.

***(ii) Fjarskipti***

Tekjur fjarskiptarekstrarins samanstanda í meginatriðum af seldri símnotkun, áskriftartekjum, upphafsgjöldum, samtengitekjum og tekjum af leigulínum, ásamt mánaðargjöldum og umframnotkun af gagnaflutningsáskriftum.

Áskriftargjöld eru tekjufærð á áskriftartímanum en tekjur vegna notkunar eru færðar á því tímabili sem raunveruleg notkun á sér stað. Rekstrartekjur eru tekjufærðar í samræmi við þá áskriftarsamninga sem til staðar eru og afslættir tengdir veltu og/eða notkun færðir til lækkunar á tekjum innan hvers áskriftartímabils.

Tekjur af tengingum eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við væntanlegan líftíma þeirra viðskiptasambanda sem þær grundvallast á. Mat á væntanlegum líftíma viðskiptasambanda er byggt á sögulegum gögnum um brottfall viðskiptavina og á væntanlegri þróun út frá nýjustu upplýsingum. Einnig er horft til reynslu félaga innan samstæðunnar og innan fjarskiptafélaga.

Í þeim tilfellum þar sem um er að ræða afslætti aðra en samningsbundna afslætti (m.a. mismunandi afslættir út frá samsetningu fleiri en einnar vöru) eru þeir færðir til lækkunar á þeim tekjum sem um ræðir á sama tímabili og notkun, upphafsgjöld, samtengitekjur og/eða áskriftartekjur eru tekjufærðar.

***(iii) Seld þjónusta***
Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er.

***(iv) Umboðslaun***
Þegar samstæðan er umboðsaðili en ekki samningsaðili í viðskiptum eru tekjur færðar sem hrein umboðslaun samstæðunnar.

**k. Leigugreiðslur**
Greiðslur vegna rekstrarleigu eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum.

Lágmarksleigugreiðslum vegna fjármögnunarleigu er skipt á vaxtagjöld og til lækkunar á skuld. Vaxtagjöldunum er dreift á tímabil leigusamningsins þannig að þau sýni stöðugt vaxtahlutfall á eftirstöðvum skuldbindingarinnar.

**l. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**
Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum, arðstekjum, söluhagnaði, hagnaði á gangvirði fjáreigna, þar sem verðbreyting er færð í rekstrarreikning, gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum og hagnaði eða tapi af áhættuvarnargerningum sem eru færð í rekstrarreikning. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til og er miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.



Vaxtagjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, breytingu á gangvirði fjáreigna, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum og virðisrýrnun fjáreigna. Allur lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti. Gengishagnaði og gengistapi er jafnað saman.

**m. Tekjuskattur**
Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsdegi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna tímabundinna mismuna vegna fjárfestinga í dótturfélögum svo framarlega sem talið er að móðurfélagið geti stýrt því hvenær mismunirnir snúast við og að jafnframt sé talið líklegt að þeir munu ekki snúast við í fyrirsjáanlegri framtíð. Tekjuskattsskuldbinding er ekki færð vegna viðskiptavildar.

Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsdegi. Tekjuskattseignum og tekjuskattsskuldbindingum er jafnað saman þegar lagalegur réttur er til þess, þær varða tekjuskatt sem lagður er á af sömu yfirvöldum á sama fyrirtæki eða mismunandi fyrirtæki sem eru samsköttuð og gert er ráð fyrir að muni greiða skatta sameiginlega.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Tekjuskattseign er metin á hverjum uppgjörsdegi og lækkuð að því marki sem talið er að hún komi ekki til með að nýtast.

**n. Aflögð starfsemi**

Aflögð starfsemi er mikilvæg aðskilin rekstrareining eða rekstur á tilteknu landsvæði sem samstæðan starfar á og hefur verið seld eða lögð niður, er flokkuð sem til sölu eða er dótturfélag sem hefur verið keypt eingöngu með það að markmiði að selja aftur. Starfsemi er flokkuð sem aflögð starfsemi þegar hún er seld, lögð niður eða þegar hún uppfyllir skilyrðin um að vera flokkuð sem til sölu, sé það fyrr. Þegar starfsemi er flokkuð sem aflögð starfsemi eru samanburðafjárhæðir í rekstrarreikningi leiðréttar eins og starfsemin hefði verið flokkuð sem aflögð frá byrjun samanburðartímabilsins.

**o. Hagnaður á hlut**

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er hlutfall hagnaðar, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu, og vegins meðaltals hluta á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Þynntur hagnaður á hlut er ákvarðaður með því að leiðrétta fjölda virkra hluta vegna mögulegrar þynningar vegna hluta sem gæti þurft að gefa út í samræmi við kaupréttarsamninga starfsmanna.

**p. Starfsþáttayfirlit**

Starfsþáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar, sem fæst við að bjóða skyldar vörur eða þjónustu (rekstrarstarfsþáttur) eða fæst við að bjóða vörur eða þjónustu innan ákveðins efnahagslegs umhverfis (landsvæðisstarfsþáttur) og er háður áhættu og ávinningi sem er ólík áhættu og ávinningi af öðrum starfsþáttum. Aðal starfsþáttaskipting félagsins er samkvæmt rekstrarstarfsþáttum. Aðal starfsþáttayfirlit er yfirlit um rekstrarstarfsþætti, sem byggir á skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Viðskipti milli starfsþátta eru verðlögð eins og um óskylda aðila væri að ræða.

Rekstrarafkoma starfsþátta, eignir og skuldir þeirra samanstanda af liðum sem tengja má beint við hvern starfsþátt, auk þeirra liða sem hægt er að skipta skynsamlega niður á starfsþætti. Liðir sem ekki eru flokkaðir með einstökum starfsþáttum eru aðallega fjárfestingar (aðrar en fjárfestingafasteignir) og tengdar tekjur, lántökur og tengdur kostnaður, sameiginlegar eignir (aðallega höfuðstöðvar félagsins) og tengdur kostnaður, auk frestaðs tekjuskatts.



## 4. ÁKVÖRÐUN GANGVIRÐIS

Hluti af reikningsskilaaðferðum og skýringum samstæðunnar krefst þess að fjárhæðir séu birtar á gangvirði, bæði hvað varðar fjáreignir og aðrar eignir og skuldir. Gangvirði hefur verið ákvarðað í mats- eða skýringaskyni samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Nánari upplýsingar um þær staðhæfingar sem gerðar eru við ákvörðun gangvirðis er að finna í skýringum þeirra eigna og skulda sem við á.

**a. Óefnislegar eignir**

Við sameiningu fyrirtækja byggir gangvirði einkaleyfa og vörumerkja á núvirði þeirrar þóknunar sem samstæðan þyrfti að greiða væri einkaleyfið eða vörumerkið ekki í eigu hennar. Gangvirði annarra óefnislegra eigna byggir á núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi af notkun eða sölu eignarinnar.

**b. Fjárfestingar í hlutabréfum**

Gangvirði fjáreigna í gegnum rekstrarreikning og fjáreigna til sölu er ákvarðað með vísun til söluverðs á uppgjörsdegi.

**c. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur**

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra krafna, er metið sem núvirði af væntu sjóðstreymi, núvirt miðað við markaðsvexti á uppgjörsdegi.

**d. Afleiður**

Gangvirði framvirkra samninga byggir á skráðu markaðsverði, ef það liggur fyrir. Ef skráð markaðsverð er ekki til staðar, þá er gangvirði metið með því að núvirða mismuninn á framvirku samningsgengi og núverandi framvirku gengi fyrir eftirstöðvar samningsins miðað við áhættulausa vexti.

Gangvirði vaxtaskiptasamninga tekur mið af áætluðu framtíðargreiðsluflæði miðað við samningstíma og markaðsvexti á uppgjörsdegi.

**e. Fjárskuldir sem ekki eru afleiður**
Gangvirðið, sem er ákvarðað með upplýsingagildi í huga, er metið á grundvelli núvirðis framtíðarsjóðstreymis höfuðstóls og vaxta, afvaxtað á markaðsvöxtum uppgjörsdags.

## 5. STÝRING FJÁRMÁLALEGRAR ÁHÆTTU

**Yfirlit**
Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagerningum samstæðunnar:

- lánsáhætta
- lausafjáráhætta
- markaðsáhætta

Hér eru veittar upplýsingar um framangreinda áhættu, markmið, stefnu og aðferðir samstæðunnar við að meta og draga úr áhættunni, auk upplýsinga um fjárstýringu hennar. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víðar í ársreikningnum.

Stjórn móðurfélagsins ber að móta og hafa eftirlit með fjármálalegri áhættu samstæðunnar. Stjórnin hefur stofnað endurskoðunarnefnd sem ber ábyrgð á að móta áhættustefnu samstæðunnar og hafa eftirlit með henni. Nefndin upplýsir stjórn félagsins reglulega um starfsemi sína.

Tilgangur áhættustefnu samstæðunnar er að skilgreina og útlista áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættu-töku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna samstæðunnar og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi samstæðunnar. Starfsreglur samstæðunnar miða að öguðu eftirliti þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur. Endurskoðunarnefnd samstæðunnar hefur eftirlit með því hvernig stjórnendur fylgja stefnu samstæðunnar varðandi fjármálalega áhættu og gengur úr skugga um að sú stefna sé í samræmi við fjárstýringarstefnu samstæðunnar.



**Lánsáhætta**
Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar er einkum vegna viðskiptakrafna og fjárfestingaeigna.

***Viðskiptakröfur og aðrar kröfur***
Lánsáhætta samstæðunnar ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna.

Samstæðan myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna, annarra krafna og fjárfestinga. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna og sameiginleg niðurfærsla með tilliti til aldurs krafna, sem ekki hefur verið tengd einstökum viðskiptamönnum. Sameiginlega niðurfærslan er ákveðin með tilliti til innheimtusögu sambærilegra krafna.

***Ábyrgðir***
Það er stefna samstæðunnar að veita aðeins dótturfélögum ábyrgðir. Þann 31. desember 2007 námu ábyrgðir samstæðunnar vegna Hands holding hf. 2.868 millj. kr., vegna 365 hf. 3.500 millj. kr. (vegna skiptingar Dagsbrúnar hf.) og vegna Sikker ehf. 1.000 millj. kr. (vegna sölu á Securitas ehf.).

**Lausafjáráhætta**
Lausafjáráhætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að hún hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor samstæðunnar.

Samstæðan notast við fjárstýringarkerfi sem auðveldar eftirlit með fjárþörf og hámarkar ávöxtun fjárfestinga. Að jafnaði gengur samstæðan úr skugga um að hún eigi nægt handbært fé til þess að mæta rekstrarútgjöldum í 60 daga.

**Markaðsáhætta**
Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla, vaxta og gengi hlutabréfa

hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Samstæðan kaupir og selur afleiður, ásamt því að stofna til fjárskuldbindinga, til þess að stjórna markaðsáhættu. Öll slík viðskipti fara fram samkvæmt viðmiðunarreglum stjórnar. Að jafnaði reynir samstæðan að nota áhættuvarnir til þess að koma í veg fyrir of miklar sveiflur í rekstrarreikningi.

***Gjaldmiðlagengisáhætta***

Samstæðan býr við gengisáhættu vegna sölu, innkaupa og lántöku í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðlum einstakra samstæðufélaga.

Á hverjum tíma ver samstæðan hluta af áætlaðri gengisáhættu sinni miðað við áætlaða sölu og vörukaup næstu sex mánaða á eftir. Samstæðan notar framvirka samninga til þess að verja hluta af gengisáhættu sinni og eru flestir þeirra til skemmri tíma en eins árs frá uppgjörsdegi. Þegar nauðsyn krefur eru framvirkir samningar framlengdir fram yfir gjalddaga.

Hvað varðar aðrar peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum heldur samstæðan áhættunni innan ásættanlegra marka með því að kaupa og selja erlenda gjaldmiðla á stundargengi þegar nauðsynlegt reynist til að mæta skammtímasveiflum.

***Vaxtaáhætta***

Samstæðan hefur þá stefnu að tryggja að milli 20 og 30% af lántökum hennar séu á föstum vöxtum.

***Önnur markaðsverðsáhætta***

Samstæðan gerir ekki aðra skiptasamninga en þá til að mæta skuldbindingum af væntri vörunotkun og vörusölu. Slíkir samningar eru ekki nettaðir saman.

**Eiginfjárstýring**

Stöku sinnum kaupir samstæðan eign bréf á markaði. Hlutirnir eru fyrst og fremst ætlaðir til að efna kaupréttarsamninga. Ákvörðun um kaup og sölu eru teknar af stjórn í hverju tilviki fyrir sig og er samstæðan ekki með sérstaka áætlun um að kaupa eigin bréf.

## 6. STARFSÞÁTTAYFIRLIT

Starfsþáttayfirlit eru birt eftir rekstrarstarfsþáttum. Starfþáttayfirlitið er birt eftir eðli rekstrar og byggir á skipulagi og innri upplýsingargjöf samstæðunnar. Undir fjarskiptahluta samstæðunnar falla Vodafone, P/F Kall, Ódýra símafélagið ehf. og Mamma ehf. Undir upplýsingatæknihluta samstæðunnar falla Kögun ehf., Skýrr ehf., EJS ehf., Eskill ehf., Landsteinar Strengur ehf., HugurAx ehf. og Kerfislausnir ehf. Öryggishlutinn er nú sýndur sem aflögð starfsemi þar sem öll hlutabréf í Securitas hf. voru seld 1. mars 2007. Verðlag milli starfsþátta er ákveðið eins og um óskylda aðila sé að ræða.

Rekstrarafkoma starfsþáttar, eignir og skuldir taka til liða sem heyra beint undir ákveðna starfsþætti og til þeirra liða sem hægt er að skipta á milli starfsþátta á rökrænan hátt. Liðir sem ekki eru flokkaðir með einstökum starfsþáttum samanstanda mestmegnis af tekjuskapandi eignum, vaxtaberandi lánum, lántökum og tekjuskattsinneign.

| STARFSÞÆTTI R EFTIR SVIÐUM | FJARSKIPTI | UPPLÝSINGA-TÆKNI | ÖRYGGI (AFLÖGÐ STARFSEMI) | JÖFNUNAR-FÆRSLUR | SAMSTÆÐAN |
|---|---|---|---|---|---|
| **1. JANÚAR 2007 - 31. DESEMBER 2007** | | | | | |
| Tekjur frá þriðja aðila | 12.667 | 9.754 | 372 | 0 | 22.793 |
| Tekjur innan samstæðu | | | | (873) | (873) |
| Tekjur samtals | 12.667 | 9.754 | 372 | (873) | 21.920 |
| Rekstrarhagnaður | 1.888 | 743 | | (319) | 2.312 |
